# DAGSKRÁIN
## FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Nr: 2272 Síðan 1968
47. árgangur

Fimmtudagur 4. desember 2014
Vefútgáfa: dfs.is

dagskrain@prentmet.is
Sími 482 1944 · Eyravegur 25 · 800 Selfoss





## Skemmtilegur stafaleikur

Allan desember, fram að jólum, verður í gangi skemmtilegur stafaleikur tengdur jólagluggunum í Árborg. Á hverjum degi opnar einn gluggi í stofnun eða fyrirtæki í Árborg þar sem bókstafur er hluti af skreytingunni. Þátttakendur í leiknum eiga að finna stafinn og setja inn á þar til gert eyðublað.

Þann 24. desember þegar síðasti glugginn er opnaður ættu þátttakendur að geta lesið setningu út úr stöfunum og svarað spurningum sem fylgja. Síðan er hægt að skila inn þátttökublaðinu og vinna til verðlauna. - ög



*Krakkarnir úr Víkurskóla og forseti Íslands við verðlaunaafhendinguna.*

### Aðgengi að lífinu:
## Víkurskóli í öðru sæti

Forseti Íslands afhenti um síðustu helgi nemendum úr Njarðvíkurskóla, Víkurskóla og Grunnskólanum á Hólmavík verðlaun fyrir verkefni þeirra í átakinu ***Aðgengi að lífinu*** sem MND-félagið efndi til með stuðningi SEM-samtakanna að vekja athygli á nauðsyn þess að bæta aðgengi fatlaðra, einkum fólks í hjólastólum, að opinberum stofnunum, samkomuhúsum, verslunum og öðru húsnæði. Baráttan um efstu sætin var afar hörð en að lokum stóð Njarðvíkurskóli uppi sem sigurvegari, Víkurskóli varð í öðru sæti og Grunnskólinn á Hólmavík í því þriðja.

## Skötuveisla færð að Laugalandi

Vegna vatnstjóns sem varð á íþróttahúsinu á Hellu í óveðrinu sl. sunnudag hefur verið ákveðið að flytja skötuveisluna sem þar átti að vera á morgun, föstudaginn 5. desember, að Laugalandi í Holtum. Enn er hægt að fá miða í skötuveisluna.

## Aðventutónleikar í Selfosskirkju

**Sunnudaginn 7. desember kl. 16:00 verða hinir árlegu aðventutónleikar haldnir í Selfosskirkju, nú í 37. sinn.**

Fram koma Lúðrasveit Selfoss, Barna- og Unglingakórar Selfosskirkju, Kór FSu, Hörpukórinn, Strengjasveit Tónlistarskólans, Karlakór Selfoss, Jórukórinn og Kirkjukór Selfoss. Kynnir verður Valdimar Bragason. Aðgangseyrir er kr. 2000 og rennur óskiptur í Tónlistar- og menningarsjóð Selfosskirkju.



## Tré brotnuðu í óveðrinu um helgina

Björgunarsveitarmenn höfðu í nógu að snúast í óveðrinu sem gekk yfir Suðurland um síðustu helgi. Um 30 hjálparbeiðnir bárust í Árnessýslu og þurftu björgunarsveitarmenn að forgangsraða þegar verst lét. Verst var veðrið við Ströndina og mest tjón í Þorlákshöfn og á Eyrarbakka. Nokkuð var um að tré brotnuðu eins og sjá má á myndinni hér að ofan sem var tekin við Bankaveg á Selfossi.

## Kvenfélögin í Flóahreppi styrktu HSu

Í byrjun vikunnar færðu kvenfélögin í Flóahreppi Heilbrigðisstofnun Suðurlands höfðinglega peningagjöf að upphæð 1.347.165 kr. sem safnaðist á basar félaganna sem haldinn var í Þingborg fyrir skömmu. Gjöfin er fyrir nýja göngudeild lyflækninga við sjúkrahúsið á Selfossi sem var opnuð 28. nóvember sl. Sjá nánar á bls. 28.













HAMBORGARA Búllan

Eyravegi 32, Selfossi
Sími 571 8288

Reykjavík - Hafnarfjörður - Selfoss
London - Berlín - Kaupmannahöfn

Frítt inn alla helgina.
Mættu í jólapeysu og fáðu 15% afslátt af jólabjór.

Hilmar Tryggvi skemmtir á föstudagskvöldið. Einar Ágúst sér um þig á laugardagskvöldið.



2 fyrir 1 af krana 21:00-23:00

BAR
SENNILEGA BESTI BAR Í HEIMI
Eyravegi 2, Selfossi


## Opin vinnustofa og aðventuhátíð

Inga Klemenz leirlistarkona býður gesti velkomna á aðventuhátíð og opna vinnustofu sunnudaginn 7. desember kl. 15 að Hellugljúfri 2, Ölfusi. (Keyrt inn afleggjarann að Gljúfurárholti rétt fyrir utan Hveragerði). Áslaug Jóhannesdóttir segir okkur Helgisöguna um jólarósirnar eftir Selmu Lagerlöf. Söngfuglarnir Anna Birgitta og Addi flytja nokkur lög og vinnustofa Ingu Klemenz verður opin. Heitt kaffi á könnunni, jólaglögg og smákökur. Allir hjartanlega velkomnir á aðventustemningu í sveitinni.




FRÓN
heitasti tónlistar- & næturklúbbur á Íslandi

*Fimmtudagur*
Huggulegt jólakvöld á FRÓN. Jólatónlist og mikið úrval af jólabjór! Jólakokteilar og jólaskot á tilboði! Bjóðum desember velkominn :)

*Föstudagur*
DJ André spilar black friday og allir svartir drykkir á betra verði! Föstudaxsfiðringur í hámarki!

Laugardagur
Snillingurinn Eyþór Jóns spilar gamalt og gott í bland við nýjasta nýtt! Frítt inn ALLA HELGINA... en ekki hvað!

Ekki missa að helginni á FRÓN - hver veit nema von sé á Beyoncé og Jay C :D

Boltinn í beinni - lúxus nachos, rizzo pizzur & boltabjór!

*Laugardagur kl. 14:50*
Liverpool - Sunderland

*Þriðjudagur kl. 19:30*
Liverpool - Basel

Boltinn í beinni

fron@fronclub.is / Eyravegi 35 / 800 selfoss

WWW.SELFOSSBIO.IS SelfossBíó KVIKMYNDAHÚS SÍMI: 517 7000




| SÝNINGAPLAN | 4.des | 5.des | 6.des | 7.des | 8.des | 9.des | 10.des |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| (L) Mörgæsirnar frá Madagaskar 2D og 3D | 18:00 | 18:00 | 11:00 13:00 15:00 | 11:00 13:00 15:00 | 17:40 | 18:00 | 18:00 |
| (L) Dumb And Dumber To | 20:00 | | 17:00 | 17:00 | | 22:20 | |
| (12) The Hunger Games: Mockingjay - Part 1 | 22:20 | 22:20 | 22:00 | 22:00 | 22:20 | | 22:20 |
| (12) Begin Again | | 20:00 | 19:30 | 19:30 | | | |
| (16) Nightcrawler | | | | | | | 20:00 |
| (12) Fury | | | | | 19:40 | | |
| (16) John Wick | | | | | | 20:00 | |

FRUMSÝNING TILBOÐ POWERSÝNING

Lág álagning - þinn hagur




Fatnaður á herra, dömur og börn

Opið alla daga til jóla

STRIKIÐ
Fataverslun
Austurvegi 69 • Selfossi • 482 2555
Opið: mán-fös 12-18 • lau 11-16 • sun 12-16



Allar gjafir á einum stað,
byrjið jólainnkaupin hjá okkur.

Við tökum vel á móti þér.

Motivo

Hönnun, tíska og gjafavara

Austurvegi 9 Selfossi S: 482 1700 Motivo.is

# Tilvalin jólagjöf

Nýi kærleiksdiskurinn hans Labba hefur fengið frábærar móttökur og dóma enda seldist fyrsta upplag strax upp. Einkar vönduð, hugljúf og áhrifamikil lög og textar sem hafa þann tilgang að efla kærleik, hugga og styrkja þá sem eiga við sorg og erfiðleika að stríða og einnig auka skilning og umhyggju annarra. Falleg bók með textum og hugleiðingum um efnið fylgir með.




*Sölustaðir á Selfossi:* Bókakaffið, Sjafnarblóm, Hagkaup (um land allt).
*Í Þorlákshöfn:* Hendur í höfn.
Einnig má hafa samband við Labba beint og fá diskinn sendan heim.
Facebook Ólafur Þórarinsson [labb@talnet.is] eða í síma 898 1579.
Einnig er hann til í helstu plötuverslunum víða um land.




# Jólahlaðborð
## rauða hússins

22. nóvember · 29. nóvember
6. desember · 13. desember

*ógleymanleg kvöldstund*

Uni og Jón Tryggvi spila undir borðhaldi frá kl. 20:00-23:00

rauða húsið

Búðarstíg 4 • 820 Eyrarbakka
www.raudahusid.is



verð 8.500 kr á mann
borðapantanir: 483-3330
raudahusid@raudahusid.is



# JÓLASPRENGJA

**FIMMTUDAG - FÖSTUDAG - LAUGARDAG**

**GLÆSILEGUR JÓLAFATNAÐUR**
**GLÆSILEGAR JÓLAGJAFIR**

***TILBOÐ 1***
**20% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM FATNAÐI**

**MUNIÐ GJAFABRÉFIN VINSÆLU**

**HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ ÞIG!**



***TILBOÐ 2***
**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SKÓM**

LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

# Skáknámskeið í Fischersetri

Síðastliðinn laugardag lauk tíu vikna skáknámskeiði grunnskólabarna í Fischersetri. Helgi Ólafsson, skólastjóri Skákskóla Íslands, hafði yfirumsjón með námskeiðinu og var Nökkvi Sverrisson honum til aðstoðar. Þá komu gestakennararnir Stefán Bergsson, framkvæmdastjóri Skákakademíu Reykjavíkur, og Björgvin Guðmundsson, formaður Skákfélags Selfoss og nágrennis, í heimsókn. Teflt var á laugardögum og voru alls 18 börn á námskeiðinu. Hugmyndin er að halda annað 10 skipta námskeið eftir áramót. Mun það byrja fljótlega upp úr áramótum, en það verður nánar auglýst síðar.

Síðasta dag kennslunnar var haldið skákmót og boðið upp á heitt súkkulaði og kleinur. Börn frá Ungmennafélaginu Heklu á Hellu komu í heimsókn. Úrslit skákmótsins urðu þau að í flokki barna 10 ára og yngri sigraði Anton Fannar Kristinsson. Í öðru sæti var Martin Patryk Srichakham og í þriðja sæti var Óttar Pétursson. Í eldri flokknum sigraði Almar Máni Þorsteinsson og í 2.-3. sæti urðu Katla Þorvaldsdóttir og Sindri Freyr Guðmundsson.

Þá má geta þess að ein unglingasveit skipuð börnum frá námskeiðinu tók þátt í Íslandsmóti unglingasveita sem fram fór 15. nóvember sl. og stóðu þeir sig með prýði á sínu fyrsta móti. Sveitina skipuðu þeir Benedikt Fadel Farag, Sindri Freyr Guðmundsson, Máni Sverrisson og Patrikur Máni Jónsson. Nökkvi Sverrisson var liðsstjóri.



*Þátttakendur í skáknámskeiðinu ásamt Helga Ólafssyni, skólastjóra Skákskóla Íslands og Nökkva Sverrissyni, aðstoðarmanni.*



*Frá skákmótinu í Fischersetri.*



*Efstu þrír í skákmóti 10 ára og yngri. F.v. Óttar Pétursson, Anton Fannar Kristinsson og Martin Patryk Srichakham.*



*Efstu þrír í skákmóti 11 ára og eldri. F.v. Katla Torfadóttir, Almar Máni Þorsteinsson og Sindri Freyr Guðmundsson.*



*Selfosssveitin teflir við sveit Taflfélags Reykjavíkur í Íslandsmóti unglingasveita í skák.*

# Jólamarkaður Sólheima

Það verður sérstök jólastemning á jólamarkaði Sólheima sem haldinn verður dagana 6.–7. og 13.–14. desember nk. kl. 13–17. Verslunin Vala - listhús verður stútfull af fallegum vörum sem unnar eru af íbúum Sólheima. Boðið verður upp á kruðerí með jólaívafi í Grænu könnunni. Nánari upplýsingar um dagskrá má finna á www.solheimar.is. Allir eru hjartanlega velkomnir.

SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG



DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

**Útgefandi:** Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is. **Ritstjóri og blaðamaður:** Örn Guðnason, sími 856 0672, orng@prentmet.is. **Auglýsingar:** Katla Harðardóttir, sími 482 1944, katla@prentmet.is

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet Suðurlands, Eyravegi 25, Selfossi, fyrir hádegi á þriðjudögum. Upplag 9000 eintök. Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Prentmet - Umhverfisvottuð prentsmiðja

## Gáta vikunnar

*Oft er ég látið í rjóðri rísa.*
*Við rekkjur ég stundum dvel.*
*Leiðangursmenn þarf ég löngum að hýsa*
*og leiksviðið tíðum fel.*

*Svar við gátu í blaði 2271: HELLA*
*Hella í gangstétt. Flatur steinn, hella.*
*Hella fyrir eyrum. Kauptún á Rangárvöllum, Hella*

# Sunnlenski matgæðingurinn



**Gunnar Már Þráinsson er sunnlenski matgæðingurinn þessa vikuna.**

Ég vil byrja á því að þakka Helgu Gunnars fyrir að hafa trú á mínum bragðlaukum ;) Þegar ég fer í eldhúsið vil ég hafa hlutina einfalda. Þessi réttur þarf að vera drjúgur af því að þig langar alltaf í meira og meira og meira, ekki er hann verri daginn eftir!

***Alvöru Ungversk gúllassúpa!***

Þegar ég elda fyrir fjölskylduna geri ég skammt fyrir sex þó við séum fjögur. Þegar þú eldar gúllassúpu þarftu að þora og ekki mæla of mikið. Nota gott hráefni er lykillinn að góðri matargerð að mínu mati.

*500-600 g nautakjöt skorið í hæfilega tenginga (innralæri er oft notað en hægt er að nota fillet eða lundir ef maður vill vera grand á því.*
*400-500 g karftöflur*
*250 g gulrætur (má nota rótargrænmeti að vild)*
*100 g laukur*
*200 g rauð paprika*
*5 hvítlauksgeirar*
*800 g niðursoðnir tómatar*
*1 matskeið paprikuduft*
*Olía til að steikja kjötið*
*400-500 ml vatn*
*Salt*
*Pipar*
*Kjötkraftur.*

***Eldun***

Kjötið er sett á logandi heita pönnuna það kryddað og brúnað, síðan er það sett í pott með vatninu og kraftinum. Tómötunum er bætt í pottinn (ath. þeir verða að vera hakkaðir) og látið malla rólega.

Gulrætur, laukur og paprika skorið í litla teninga og svissað aðeins á pönnunni, bætið síðan í það kúmeni og smáttsöxuðum hvítlauk. Látið þetta sjóða allt saman í svona klst. svo að kjötið verði meirt og gott. Afhýðið kartöflurnar og skerið í hæfilega báta eða bita. Sjóðið í vatni, takið vatnið frá og setjið þær í súpuna rétt áður en hún er borin fram.

Nauðsynlegt er að bera súpuna fram með steinselju, sýrðum rjóma og gómsætu grilluðu brauði.

Þessi réttur er gjörsamlega skot heldur! Bon voyage.

***Eftirréttur:***
*1 lítri ís (Huppuís) ;) ;)*
*Mikið af bláberjum*
*Mikið af jarðarberjum*
*Og góða sósu að eigin vali.*

Takk fyrir mig og vonandi líkar ykkur.

Mig langar að skora á Eirík Vigni Pálsson byggingafræðing hjá Pro-ark teiknistofu að galdra fyrir okkur einhverjar kræsingar.

*Matgæðingar eru beðnir að senda uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á mánudagsmorgni.*

# Hittast með krílin í Sportstöðinni

Dagforeldrar í Árborg hafa undanfarna þriðjudagsmorgna hist í Sportstöðinni á Selfossi með litlu krílin. Ein af þeim sem hefur mætt í þessa tíma er Þórhildur Dröfn Ingvadóttir og sagði hún að þetta hefði reynst þeim mjög vel og væri góð skemmtun fyrir börn og fullorðna. Tímarnir í Sportstöðinni eru á þriðjudögum kl 9:00-10:30. - ög



*Litlu krílin skemmta sér vel í Sportstöðinni á þriðjudagsmorgnum.*


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
GOTT VERÐ Í BÓNUS
100 kr. lækkun
Verð áður: 1695 kr.kg
ÍSLANDS NAUT
1595
kr. kg.
Íslandsnaut 100% íslenskt ungnautahakk
998
kr. kg
Kaupfélag Skagfirðinga FROSIÐ LAMBALÆRI Slátrun 2013
jordbær
498
kr. 1.2 kg
Frosin jarðarber 1.2 kg.
ARIEL ÞVOTTAEFNI
85 þvottar
+ ARIEL þvottahylki
19 stk í kaupbæti
ARIEL
XXXL PACK
P&G Professional
85
3in1
ARIEL
3498
kr. pakkinn
FROSNAR KJÚKLINGABRINGUR
EURO SHOPPER
900g
KYCKLINGFILÉ
1498 KR.
BLUEBERRY
BLUEBERRY
498
kr. 500g
Frosin bláber 500g
JÓLAKERTIN Í BÓNUS
KUBBAKERTI
12x6 sm 259 kr.stk.
12x7 sm 298 kr.stk.
18x7 sm 398 kr.stk.
Quality Street
3498
kr. 2 kg. dós
Mackintosh Quality Street 2 kg.
10 METRA RÚLLA
298
kr. 10 m.
Jólapappír 10 m. rúlla
GÓU-BÓNUS KONFEKT
Konfekt
1 kg
1798
kr. 1 kg.
Prince og Coke..
35 kr. STYKKIÐ
PRINCE POLO
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSA
1119
kr. 32 stk.
VERÐ ÁÐUR: 1598 KR.
BETRI KAUP 6 LÍTRAR
Coca-Cola
Cokekippa 4 x 1.5 ltr.
+ fjórar 500ml dósir
Víking hátíðarblanda
Blanda
898
4x1,5 ltr.
4 ds. Blanda
2998
kr. 940g kassi
Nóa Konfekt 940g kassi
ora
798
kr. 630g
ORA Jólasíld 630g
12 FERSK STJÖRNUEGG
VERÐ ÁÐUR: 559 KR.
TÓLF FERSK STJÖRNUEGG
12 stór egg
Verð áður 559 kr.
498
kr. 12 stk.
pepsi
698
kr. 4 x 2 ltr
Pepsi kippa 4 x 2 ltr.
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Verðtilboðin í þessari augl.
Gilda til 7.des. 2014
Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •



FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

Hafsteinn Þorvaldsson Sölufulltrúi • Sími 891 8891 hafsteinn@fasteignasalan.is
Snorri Sigurðarson Sölufulltrúi • Sími 897 7027 ssig@fasteignasalan.is
Rúnar S. Gíslason hdl

FRUM - www.frum.is

**Vegna mikillar sölu vantar okkur allar gerðir eigna á skrá**

Fasteignasalan Bær • Austurvegi 26 • 800 Selfossi •
Sími 512 3400 • Fax 517 6345 • www.fasteignasalan.is





**Tamning og þjálfun**

Tek að mér hross í tamningu og þjálfun. Staðsettur á Selfossi.

**Bjarni Sveinsson, tamningamaður og reiðkennari frá Hólum**
**Sími 866 3508**









Ventus K115 | Kynergy | Dynapro

Dekkjaverkstæði · Smurþjónusta · Smáviðgerðir · Hjólastillingar · Bremsuklossar · Rúðuþurrkur · Rúðuvökvi · Rafgeymar · Peruskipti

VAXTALAUSAR 12 mánaða AFBORGANIR

Nánari upplýsingar
www.solning.is

SÓLNING *Renndu við*

Smiðjuvegi 68-72, Rvk | Hjallahrauni 4, Hfj | Fitjabraut 12, Njarðvík | Eyrarvegi 33, Selfossi | Barðinn, Skútuvogi 2





... að í mörg ár hefur verið opið hús hjá VISS fyrir jólin. Síðustu ár höfum við haft kaffihúsastemningu og sýnt vinnustaðinn okkar. Í ár höldum við hefðinni áfram og bjóðum fólk velkomið 5. des kl. 11:00. Baldvin Eggertsson, starfsmaður VISS, á margar skemmtilegar minningar frá þessum degi. Skemmtilegast finnst honum að rifja upp stundirnar úti í upphafi dags, jólaljósin og sönginn.

# *Kaðlahúfa og dúskur*



*Brúna húfan er úr Cataluna á prjóna nr. 5, sama uppskrift nema lengri og gula húfan úr MAYA á prjóna nr. 7 og fitjaðar upp 70 lykkjur.*

Við erum með yfir 140 tegundir af garni í prjón og hekl. Undanfarið hafa nokkrar gerðir af grófu garni bæst við úrvalið og það var því freistandi að hanna húfu með kaðlaprjóni því það tekur sig sérlega vel út í grófu garni. Garnið í húfunni er hvítt DREAM sem er hrein ull og þolir þvott í þvottavél. Það er dásamlega mjúkt og skemmtilegt og er til í mörgum fallegum litum. Magn 2 dokkur og prjónar nr. 6, 40 cm og sokkaprjónar.

Fitja upp 90 lykkjur með góðu teygjanlegu uppfiti. Stroff er prjónað 3 sl og 2 br lykkjur til skiptis, 8 umferðir. Til að auka á teygjanleikann eru fyrsta og síðasta slétta lykkjan prjónaðar snúnar, sú fyrri látin snúast yfir til hægri (henni er snúið á prjóninum áður en hún er prjónuð) hin til vinstri (prjónað aftan í lykkjuna).

Eftir stroffið er byrjað á því að auka út í fimmtu hverri lykkju og best að gera það með því að prjóna aukalega í lykkjuna undir miðlykkjunni í slétta hluta stroffsins. Þá eru 108 lykkjur á prjóninum. Nú er prjónað eftir munstrinu, brugnu lykkjurnar eiga að vera í beinu framhaldi af brugnu lykkjunum á stroffinu og til verða 9 kaðlar, 10 sl. og 2 br til skiptis.







Úrtaka er gerð í annarri hvorri umferð í hvorri hlið kaðalsins þannig að fyrsta og önnur lykkjan eru prjónaðar saman (fyrri lykkjan er tekin fram af óprjónuð, næsta lykkja prjónuð og þeirri óprjónuðu steypt yfir) og tvær síðustu prjónaðar saman beint af prjóninum. Þegar tvær sléttar lykkjur eru eftir í kaðlinum eru þær prjónaðar með sitt hvorri brugðnu lykkjunni og að lokum eru prjónaðar saman tvær og tvær þar til 5 lykkjur eru eftir. Þá er endinn slitinn frá og dreginn í gegnum þær, hert að og gengið frá öllum endunum. Húfan er þvegin úr volgu sápuvatni og lögð til þerris.



Það er gaman að gera flottan dúsk og hér er afar einföld aðferð til þess. Notaður var afgangur af garninu í húfunni ásamt Kambgarni og Annabel mohair garni.

***Hönnun: Alda Sigurðardóttir***

Hannyrðabúðin
*Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314*

# JÓLA FJÖR

## 25% AFSLÁTTUR*
## AF JÓLAVÖRUM

*Afsláttur og jólatilboð gilda fyrir félaga í BYKO klúbbnum. Hægt er að skrá sig í klúbbinn á byko.is og í verslunum okkar. Gildistími er 3.-7.desember.

VERÐVERND BYKO
**LÆGRA VERÐ**

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

við erum í jólaskapi



**ÞÚ FINNUR JÓLAGJÖFINA HJÁ OKKUR**


Verkfæri


Leikföng


Búsáhöld


Ljós


Smáraftæki



**VÖFFLUR OG KAFFI**
fyrir viðskiptavini, laugardaginn kl. 13 - 15.

**AFGREIÐSLUTÍMI**

| | |
|---|---|
| Mán-fös | 8-18 |
| Laugardaga | 10-18 |
| Sunnudaga | 12-16 |

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

Allt sem þarf til að gera jólin að þínum

# Jákvætt að íbúum er að fjölga

Undanfarnar tólf vikur hafa birst hér í Dagskránni viðtöl við sveitarstjóra á Suðurlandi. Þessari yfirferð lýkur hér með þrettánda og síðasta viðtalinu en það var tekið við Ástu Stefánsdóttur, framkvæmdastjóra Sveitarfélagsins Árborar, í lok síðustu viku.

## Byggt við sundhöllina

Stærsta framkvæmd sveitarfélagsins á þessu ári er ný viðbyggingin við sundhöllina á Selfossi. Að sögn Ástu hefur framkvæmdum miðað vel og er áformað að taka hana í notkun í byrjun næsta sumars. „Það koma nýir búningsklefar, stærri og rýmri en þeir sem við höfum í dag, auk nýrrar afgreiðslu og móttöku. Síðan er í þessu líka lítil innisundlaug sem er hugsuð fyrir kennslu yngri barna. Þá verða gerðar heilmiklar breytingar í gamla húsinu. Þar verður starfsmannaaðstaða, aðstaða fyrir sunddeildina, kennara og fleiri, þannig að vinnuaðstaðan verður allt önnur."

## Byggt við Sunnulækjarskóla

Í haust hófust framkvæmdir við Sunnulækjarskóla. Þar var farið í mikla jarðvinnu og húsnæði skólavistunarinnar fært hinum megin við skólann. Að sögn Ástu er búið að bjóða út framkvæmdirnar. Jáverk fékk það verk og munu þeir hefjast handa í kringum áramótin. „Þeir þurfa að hafa hraðar hendur því það þarf að taka fyrri hlutann í notkun strax næsta haust. Fjöldi barna í Sunnulækjarskóla er orðinn miklu meiri en skólinn var hannaður fyrir og því þurfti nauðsynlega að fara í þessa stækkun. Í húsnæðinu verða ný kennslurými og aðstaða fyrir skólavistun, auk aðstöðu fyrir yngstu börnin til að matast. Þessi framkvæmd og framkvæmdin við sundlaugina eru hvort um sig verkefni upp á rúmlega 400 milljónir króna, sem er óvenju stórt miðað við það sem við höfum verið í síðustu árin."

## Framkvæmdir við hitaveitu og fráveitu

„Við erum búin að vera í heilmiklum framkvæmdum í sambandi við hitaveituna. Það var nauðsynlegt að efla og bæta afhendingaröryggi á heitu vatni. Þannig er búið að styrkja dreifikerfið á nokkrum stöðum, laga hitaveitutankinn og gera ráðstafanir til að auðvelda okkur að sækja vatn á vatnsöflunarsvæði okkar og koma því inn í bæinn. Síðan erum við að undirbúa hreinsistöð fyrir fráveitu. Skipulagsferlið á því máli hefur tekið mun lengri tíma en við áætluðum. Það er búið að kaupa hluta af tækjabúnaði, en við áformum að hefja framkvæmdir þegar skipulagsmálin verða í höfn" sagði Ásta.

## Göngustígar og bætt umhverfi

Ásta sagði að búið væri að gera átak í að laga göngustíga í sveitarfélaginu. „Við erum byrjuð að leggja stíg á milli Eyrarbakka og Stokkseyrar og gerum ráð fyrir að halda áfram með hann í vetur, þ.e. leggja malarstíg. Í sumar og haust var líka lagað í kringum skólann á Eyrarbakka, aðkoma að skólanum var bætt, hellulagt og lagað þar í kring. Það er í takt við þær framkvæmdir sem hafa verið við að lagfæra gangstéttir á Eyrarbakka. Þá er búið að taka íþróttaaðstöðuna á Stokkseyri heilmikið í gegn þannig að aðstaða er orðin betri þar." Ásta bætti við að á síðustu árum hefði orðið heilmikil uppbygging í sambandi við íþróttamannvirki á Selfossi. „Það var heilmikið sem var gert fyrir landsmótin og svo hefur verið smátt og smátt haldið áfram uppi á íþróttavelli við Engjaveg þannig að þetta mjakast allt í rétta átt."

## Landa- og lóðakaup

Í vor festi sveitarfélagið kaup á landi úr Laugardælajörðinni þar sem golfvöllurinn er. Svæðið myndar kraga við Laugardælabæina og nær austur með Suðurlandsvegi. Ásta sagði að með kaupunum væri tryggt að golfvöllurinn hefði þarna land til framtíðar. Hún sagði einnig að með kaupunum hefði sveitarfélagið eitthvað með það að gera hvernig byggð þróaðist á þessu svæði því þarna væri vegstæði fyrir nýjan veg og brú sem kemur að hluta til inn á golfvöllinn eins og hann liggur núna. „Það var í rauninni svipað upp á teningnum og þegar sveitarfélagið keypti upp megnið af óbyggðu lóðunum sem voru hérna í miðbænum. Þar var síðan gert deiliskipulag að nýjum miðbæ. Þar eru ýmis tækifæri til þess að byggja starfsemi sem gæti laðað að sér gesti þannig að þeir bruni ekki í gegn. Síðan erum við byrjuð á verkefni með Vegagerðinni að breyta deiliskipulagi Austurvegar á milli hringtorganna við brúna og austur að hringtorginu við Bónus til þess að geta gert Austurveginn vænni fyrir umferð gangandi, hjólandi og akandi. Þannig að það er ýmislegt verið að gera til þess að vega á móti því að vegurinn muni með tíð og tíma færast," sagði Ásta.

## Íbúum í Árborg fjölgar aftur

Eftir efnahagshrunið fækkaði íbúum í Árborg aðeins og svolítið hægði á íbúaflutningum. Á síðustu mánuðum hefur fjölgað talsvert í sveitarfélaginu þannig að íbúafjöldinn skreið yfir 8.000 fyrir fáum vikum og erum komin í 8.030 samkvæmt síðustu tölum. „Það er greinilegt að fólk er að flytja hingað. Maður sér það vera að gerast, bæði í fasteignakaupum og líka eftir að Íbúðalánasjóður náði að selja þessar blokkir sem hann átti hérna. Þá liðkaðist heldur leigumarkaðurinn því hann var mjög erfiður."

## Breytingar í fræðslumálum

Talsverðar breytingar urðu í fræðslumálum þegar Árborg sagði sig úr skólaskrifstofu Suðurlands og tók upp sína eigin sérfræðiþjónustu fyrir grunnskólana. Ásta sagði að það hefði gefist mjög vel og að ánægja væri með það í skólasamfélaginu. „Við höfum á síðustu misserum verið að efla tölvutengingar og þráðlaus net í grunnskólunum og erum langt komin með það verkefni. Við erum byrjuð að fikra okkur áfram í leikskólunum líka. Það er alls staðar meiri og meiri áhersla á það að geta notað spjaldtölvur og þráðlausa tækni. Vallaskóli hefur verið með verkefni þar sem krakkar koma með sín eigin tæki í skólann, símana sína og spjaldtölvurnar og það er verið að nota þetta í kennslunni. Til þess að þetta sé hægt þurfum við að vera með þráðlaust net sem getur þjónað þessum fjölda tækja. Við erum komin nokkuð vel í gang með það. Þannig að það eru framfaraskref í skólunum."

## Auknar strætóferðir

Frá því í haust hefur strætóferðum innan Árborgar fjölgað. Virka daga bættust við ferðir á milli Eyrarbakka, Selfoss og Stokkseyrar, auk ferða á laugardögum. „Það var talsvert mikið kallað eftir því að fá fleiri ferðir. Þær eru sérstaklega notaðar af börnum og ungmennum, m.a. til að komast í tómstundir, í bíó og annað sem til fellur. Fullorðið fólk notar þetta líka til að sækja ýmsa þjónustu og þess háttar. Ég vil benda á að það er hægt að nota strætó innanbæjar á Selfossi því hann fer dálítinn hring hérna. Öll börn á grunnskólaaldri fá frítt ef þau eru með kort frá okkur."



*Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar. Ljósmynd: ÖG.*

## Félagsaðstaða í Grænumörk

„Við höfum verið að vinna í þarfagreiningu á félagsaðstöðu í Grænumörkinni, en þar er allt sprungið. Við erum búin að vinna ákveðna undirbúningsvinnu og erum að skoða hvaða möguleikar eru í stöðunni, hvort það verði byggt við eða stækkað þarna."

## Þörf á hjúkrunarrýmum

Ásta sagði að sveitarfélögin í Árnessýslu væru í eilífri baráttu um að fá fleiri hjúkrunarrými inn á svæðið. „Við teljum það brýnt og finnum það mjög mikið á fólki. Þetta er eitthvað sem brennur á og það eru margir sem nefna þetta. Fólk hefur áhyggjur af aðstandendum sínum sem fá ekki inni í þeirri þjónustu sem þeir þyrftu nauðsynlega á að halda. Það eru biðlistar hérna á svæðinu. Sveitarfélögin hafa í sameiningu pressað þetta mikið þ.e. að það verði byggt upp, en ekki fengið miklar undirtektir hjá ríkinu, en þó þannig að það er alla vega búið að viðurkenna að þetta svæði er eitt af þremur á landinu sem mest þörf er fyrir að byggt verði upp. Það er alla vega áfangi í áttina að það sé komin viðurkenning á því. Vonandi skilar það einhverju."

## Bygging verknámshúss

Verknámshúsið sem á að fara að byggja við Fjölbrautaskólann er verkefni sem sveitarfélögin á Suðurlandi standa saman að með ríkinu. „Núna er verið að vinna á fullu í því að gera útboðsgögn og það verður væntanlega boðið út fljótlega eftir áramót. Þar bætist við stórt verkefni sem skilar sér vel inn í samfélagið hér. Það mun efla verknám og við erum ánægð með að ríkið tók þá ákvörðun að hefjast handa. Sveitarfélögin voru búin að safna fyrir stórum hluta kostnaðarins þannig að það var mjög gott mál að það fór í gegn."

## Bætt aðstaða fyrir ferðamenn

Sveitarfélagið hefur verið að bæta aðstöðu fyrir ferðamenn t.d. með því að setja peninga í tjaldsvæðin. Sveitarfélagið á tjaldsvæðin á Eyrarbakka og Stokkseyri, en þar er búið að byggja upp góða aðstöðu. Einnig hafa verið gerðar lagfæringar á tjaldsvæðinu við Gesthús á Selfossi. Sagði Ásta það vera lið í því að ferðamenn geti stoppað hérna. „Í fyrravor fórum við í að efla upplýsingamiðstöðina okkar sem var áður inn á bókasafni í einu horninu. Við ákváðum að taka hana út þaðan og gera hana aðeins meira áberandi. Núna er hún rekin inn á hótelinu. Það var mjög mikið að gera hjá þeim í sumar í upplýsingagjöf til ferðamanna og ánægja með að þetta væri orðið aðgengilegra fyrir ferðamanninn."

## Bætt fjárhagsstaða

Sveitarfélagið náði á síðasta kjörtímabili að fara með skuldahlutfallið undir 150% sem er opinbera viðmiðið. Ásta sagði að stefnt væri á að halda því. „Reksturinn hefur gengið ágætlega. Að vísu sáum við það í haust þegar við vorum að vinna fjárhagsáætlunina að kjarasamningshækkanir yrðu meiri en verið hefur síðustu ár og kannski heldur meiri en á almennum markaði. Það var því aðeins snúnara að koma saman áætlun réttu megin við núllið þetta árið. Þetta lítur samt ágætlega út. Stóru framkvæmdirnar sem við erum í gera það að verkum að við verðum aðeins að geyma minni verkefni á meðan, en allt gengur þetta yfir."

## Menningin blómstrar

„Menningarmánuðurinn október var haldinn í fimmta skipti í vetur. Þar vorum við með nokkra skemmtilega og vel sótta menningarviðburði sem vonandi verður bara framhald á. Fólk hefur verið duglegt að sækja þá og þeir hafa bæst við í þá flóru sem fyrir er með Vori í Árborg og öllum þessum litlu og stóru bæjarhátíðum. Það hefur heilmikið verið um að vera á því sviðinu."

## Ýmis tækifæri

„Það er jákvætt að íbúum er að fjölga hérna í Árborg og það eru ýmis tækifæri fyrir þetta sveitarfélag, í aukinni ferðaþjónustu og á ýmsum sviðum. Byggingaiðnaðurinn er aðeins að taka við sér, en hann fór auðvitað dálítið niður eftir hrun. Það er töluvert verið að byggja hérna, mikið af litlum íbúðum í raðhúsum. Það virðist alveg vera markaður fyrir það og það er bara ánægjulegt."

*Viðtal: Örn Guðnason.*




| Jólahlaðborð | Jólabrunch | Barnasýning | Jólamarkaður |
|---|---|---|---|
| 6. og 13. desember | 7. og 14. desember | 7. desember kl. 14:00 | 6. desember<br>kl. 12:00 - 16:00 |
| Dýrindis hlaðborð þar sem jólahefðin er í hávegum höfð. | Hátíðlegur brunch með sérstakri jólaáherslu. Jólasveinninn mætir á svæðið. | Legends of Sleipnir sýningin okkar sett í jólabúning, jólasveinninn mætir á svæðið. | Matur beint frá býli og fallegt íslenskt handverk. |
| Verð kr. 8900 á mann.<br>Hópafsláttur. | Verð kr. 3.290 á mann. | Verð kr. 3.000 á mann.<br>Frítt fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með foreldrum. | Allir velkomnir. |

## Tilboð á sýningu og jólahlaðborði

Fullorðnir: Verð kr. 11.900 á mann.
Börn 12 ára og yngri: Verð kr. 5.450 í jólahlaðborð og frítt á sýningu í fylgd með foreldrum.

Sýning alla daga kl. 19:00.
Veitingastaður opinn alla daga frá 10-22



## Tilboð á barnasýningu og jólabrunch

Sýning 7. desember kl. 14:00.
Fullorðnir: Verð kr. 5.500 á mann.
Börn 12 ára og yngri: Verð kr. 1.700 í jólabrunch og frítt á sýningu í fylgd með foreldrum.

**Hvar erum við:**
Ingólfshvol, 816 Ölfus, milli Hveragerðis og Selfoss
Sími: 483 5050
fakasel@fakasel.is
fakasel.is

THE ICELANDIC HORSE PARK
FÁKASEL

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgáfudagar framyfir jól

Það styttist til jóla og því er vissara að tryggja sér auglýsingapláss í Dagskránni, blaði sem allir Sunnlendingar lesa.

Útgáfudagar eru sem hér segir:

Fimmtudagur 11. desember jólablað

Fimmtudagur 18. desember

Fimmtudagur 8. janúar 2015

Auglýsingasíminn er 482 1944
Netfang: dagskrain@prentmet.is
(Skilafrestur auglýsinga er til hádegis á þriðjudögum)



## Aðventutónleikar í Hveragerði

Aðventutónleikar Söngsveitar Hveragerðis verða haldnir í Hveragerðiskirkju, sunnudaginn 7. desember nk. kl. 20:00. Að venju verður vandað til tónleikanna með völdum jólalögum. Stjórnandi er Margrét Stefánsdóttir frá Hvoli í Ölfusi og undirleikari á píanó Ester Ólafsdóttir. Góðir gestir koma fram á tónleikunum, m.a. Elísa Elíasdóttir á fiðlu og Sabine Bernholt, sem syngur einsöng, félagar úr Söngsveit Hveragerðis, Ian Wilkinson spilar á básúnu, Anna Jórunn Stefánsdóttir leikur á selló, Heiða Margrét Guðmundsdóttir syngur einsöng, auk þess að stjórnandinn Margrét Stefánsdóttir syngur einsöng.

Að venju er tónleikagestum boðið uppá súkkulaði og piparkökur að loknum tónleikum. Söngsveitin vonast eftir að sjá sem flesta og eiga ánægjulega aðventukvöldstund á tónleikunum.






## Lionsklúbbarnir í Hveragerði með blóðsykursmælingar

Blóðsykursmælingar hjá Lionsklúbbi Hveragerðis og Lionsklúbbnum Eden í samstarfi við Hjúkrunarheimilið Ás og Heilsugæsluna í Hveragerði fóru fram dagana 14. og 15. nóvember í Sunnumörk. Mældir voru 430 einstaklingar og af þeim var einn sendur akút á sjúkrahús en fjórir aðrir voru sendir í frekara tékk við fyrsta tækifæri. Mælt var í um þrjár klukkustundir hvorn dag. Myndirnar tók Vilmundur Kristjánsson.





## Þrjátíu keppendur tóku þátt í Fjórðungsglímu Suðurlands

**Fjórðungsglíma Suðurlands fór fram á Laugalandi í Holtum fimmtudaginn 20. nóvember sl. Keppt var á tveimur dýnulögðum völlum í flokkum 10 ára og yngri, 11, 12, 13, 14 og 15 ára, en fullorðinsflokkar 16 ára og eldri kepptu á gólfi. Keppni í barna- og unglingaflokkum hófst kl. 17:30 og keppni fullorðinna að lokinni keppni í yngri flokkum.**

Alls sendu fjögur félög þrjátíu keppendur til leiks en rétt til þátttöku eiga allir félagar íþrótta- og ungmennafélaga á svæðinu frá Skeiðará að Hvalfjarðarbotni að Reykjavík undanskilinni.

Í flokki 16 ára og eldri sigraði Smári Þorsteinsson úr Umf. Biskupstungna og í kvennaflokki Jana Lind Ellertsdóttir, Garpi.

Í flokki 14 ára meyja sigraði Jana Lind Ellertsdóttir, Garpi og í flokki 13–14 ára pilta sigraði Sindri Ingvarsson, Dómoni. Sigurlín Franziska Arnardóttir, Garpi sigraði í flokki 13 ára stúlkna og Birgitta Saga Jónsdóttir, Dímoni í flokki 12 ára stúlkna. Hjá 12 ára strákum bar Kristján Bjarni Indriðason, Dímoni sigur úr býtum. Í 11 ára flokkum sigruðu Þóra Björg Yngvadóttir, Garpi og Ólafur Magni Jónsson, Bisk. Hjá 10 ára og yngri sigruðu Aldís Freyja Kristjánsdóttir, Garpi og Sindri Sigurjónsson, Dímoni.


Kvennaflokkur.


Stelpur 11 ára.


Stákar 13–14 ára.


Strákar 10 ára og yngri

# Jólagjafatilboð

***Hið árlega jólagjafatilboð Veiðisports er frá 1. – 23. desember.***

***15 – 25% afsláttur.***

***Flugustangarsettum fylgir kastkennsla.***

***Munið gjafakortin.***

**Veiðisport**
Eyravegi 15 - Selfossi - sími 482 1506


# Verslum heima!

Fyrir nokkrum árum var ég beðinn að setja fram raunhæfar leiðbeiningar varðandi verslunarferðir Sunnlendinga, sem sannanlega mundu borga sig. Vöruúrval hefur farið stöðugt vaxandi á undanförnum árum. Í dag er það glæsilegt.

**Jólainnkaupin**

Jólainnkaup eru bráðum og þá spurt um verð.
Ef þú fylgir okkar ráðum eftir því ei sérð.
Sparið akstur, sparið hlaupin, sparið langa ferð,
Því austan fjalls þar eru kaupin ekki síðri gerð.

*Með kveðju, Hjörtur Þórarinsson*


Þrastalundur í þjóðbraut

## Jólahlaðborð

**verður í Þrastalundi föstudaginn 5. des. og laugardaginn 6. des.**
**Kósý stemning í sveitinni**
**Borðhald hefst kl. 19:30**

**Síldarréttir í forrétt**
**Hefðbundið hangiket í aðalrétt**
**Kokteilávextir með ís í eftirrétt**
**Verð á mann aðeins 5.500 kr.**

**Borðapantanir í síma 486 8686**

---

**Erum með opið í vetur og ísvélin líka**

Þrastalundur
opið vetur, sumar, vor og haust - sími 486 8686



# Heima er best

Kjarval

16% afsláttur
Holta kjúklingabringur 2499 kr. kg
verð áður 2998

Krónu hátíðarlæri, a la orange 1698 kr. kg

20% afsláttur
Italpizza calzone, 2 teg. 399 kr. stk.
verð áður 499

Rauð jólaepli 399 kr. kg.

Ostakaka með bláberjum 1098 kr. stk.

Krónu hamborgarhryggur 1398 kr. kg

Klementínur í kassa, 2,3 kg 799 kr. kassinn

Heimilisjógúrt, 1 lítri, 4 teg. 255 kr. stk.

Lambi WC pappír, 12 stk. 1249 kr. pk.
verð áður 1399

Quality street, 2 kg 4699 kr. pk.

Coke, Coke light eða Coke zero kippa og Freyju hátíð bestu molarnir 1199 kr. tvennan

Egils malt og appelsín í gleri, 330 ml 199 kr. stk.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Gildir fimmtudaginn 4. desember - sunnudagsins 7. desember 2014

Sjá opnunartíma á www.kjarval.is
Klaustur // Vík // Hvolsvöllur // Hella // Þorlákshöfn // Vestmannaeyjar



# Jólatréssalan Snæfoksstöðum 2014



Skógræktarfélag Árnesinga

**Opið: 6.–7. des., 13.–14. des. og 20.–23. des.**

**Komið og höggvið ykkar eigin jólafuru í jólaskóginum. Opið kl. 11–16.**

Einnig: Höggin tré; fura og blágreni, furugreinar og arinviður. Tröpputré. Ketilkaffi á bálinu.

**Skógræktarfélag Árnesinga**
**864 1106.**
**www.skogarn.is**

## Vinnustofur myndlistarfólks opnar

Myndlistarfélag Árnessýslu verður með opnar vinnustofur næstu tvo laugardaga. Í Sandvíkursetri að Bankavegi 3 á Selfossi verður opið laugardaginn 6. desember kl. 15–19. Á Egilsstöðum í Hveragerði verður opið laugardaginn 13. desember kl. 13–18. Listamenn verða við vinnu sína í vinnustofunum á þessum tímum. Þar verða myndir til sýnis og sölu, stórar og smáar, sem tilvaldar eru til jólagjafa. Boðið verður upp á piparkökur og heitt verður á könnunni. Fólk er hvatt til að kíkja við og sjá vinnustofurnar. Myndlistarfélagið er einnig með sýningu á Hótel Selfoss, en þar eru margar myndir til sýnis og sölu frá tólf listamönnum.



*Ásdís Hoffriz og Sigurlinn Sváfnisdóttir að störfum á vinnustofunni í Sandvíkursetri á Selfossi.*

# Opinn fundur áhugafólks um eldsmíði

**Eldsmíði er í hugum margra horfin iðn – ein margra – sem fengu náðarhöggið í kringum iðnbyltinguna og dóu síðan Drottni sínum með aukinni fjöldaframleiðslu allra hluta.**



*Skeifa hituð í sérstökum gasafli.*

Engu að síður hefur hópur fólks tekið sig saman og ætlar að stofna samtök áhugafólks um eldsmíði. Stofnfundurinn átti að vera sl. sunnudag en var frestað vegna veðurs. Fyrir iðngrein sem hefur legið svona lengi í dvala munar engu um viku til eða frá. Stofnfundurinn verður því haldinn á Rauða húsinu, sunnudaginn 7. desember kl. 20:00.

Einn stofnmeðlima er járningarmeistarinn Sigurður Torfi Sigurðsson frá Stokkseyrarseli. Í heimsókn í hesthúsið til hans sagði hann að eldsmíði væri hvort tveggja, hluti atvinnu hans og tómstundagaman. Sigurður þarf að geta lagað skeifurnar til, breytt þeim og aðlagað þær hestshófunum. Til að þær passi sérstaklega vel þykir heilræði að leggja skeifuna glóandi við hófa hestsins. Þar hverfa allar ójöfnur eftir röspunina, og hófur og skeifa mynda órofa heild. Meðan á heimsókninni stóð hitaði Sigurður skeifu, tók hana hvítglóandi út úr gasafli sem hann hefur, hjó hana í tvennt og smíðaði á skömmum tíma hina laglegustu hófsköfu. Með Sigurði vinnur Gry Nielsen sem lærði líka eldsmíði sem hluta af járninganámi sínu. Hún segist hafa lært að gera sér ýmis áhöld í náminu sínu og útskýrði muninn á því að herða odd í olíu eða vatni. Hún var að gera sér snaga og notaði til þess hinn hlutann af skeifunni.

Það sem þessi hópur ætlar að gera á Eyrarbakka er að athuga hvort ekki sé möguleiki og áhugi fyrir því að byggja upp opna eldsmiðju á Eyrarbakka sem byggi á fornum vinnubrögðum. Með því er meint hvort ekki sé hægt að hafa opinn afl sem brenni viðarkolum eða koksi.



*Glóandi skeifa löguð að hófi hests.*

Áður fyrr voru steðjar, hamrar og þess háttar áhöld víða til, en oft hafa smiðjurnar verið urðaðar eða fargað sem drasli. Hópinn langar til að reyna að koma upp aðstöðu svo hægt sé að koma inn af götunni og grípa í þessa fornu iðn. Æfa sig að hamra járnið meðan það er heitt. Sigurður og Gry voru því sammála að þetta ætti ekki síður við menn en konur, báðum þótt jafn magnað að finna hve glóandi járnið varð eftirgefanlegt. Hvernig það lét eftir og sveigðist við hamarshöggin. Hve heillandi þetta er veit sá sem hefur reynt það.

Ef spurningar vakna eða einhver veit um gömul eldsmíðatól má hafa samband við Ragnar Gestsson í síma 824 3939 eða Ragnar Sigurjónsson í síma 820 3565.



*Gry Nielsen fylgist með Sigurði Torfa Sigurðssyni járningameistara við skeifnasmíði.*





## Menntaverðlaun Suðurlands

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga veita árlega verðlaun fyrir framúrskarandi framlag á sviði menntunar á Suðurlandi sem um leið er hvatning til frekari dáða. Verðlaunin verða veitt í sjöunda sinn nú í vetur. Allir þeir sem koma að skólastarfi með einhverjum hætti geta fengið verðlaunin; grunnskólar, leikskólar, framhaldsskólar, símenntunarmiðstöðvar, háskólastofnanir, kennarar, einstaklingar eða hópar, skólaskrifstofur, sveitarfélög/skólanefndir, foreldrafélög o.fl.

Veitt verða peningaverðlaun sem nýtt verði til áframhaldandi menntunarstarfs. Jafnframt fylgir verðlaununum formleg viðurkenning. Verðlaunin verða afhent við formlega athöfn í tengslum við hátíðarfund Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands í janúar nk.

Hér með er óskað eftir tilnefningum til verðlaunanna. Rétt til að tilnefna til verðlaunanna hafa allir þeir sem tengjast skóla- og menntunarstarfi með einhverjum hætti, sveitarfélög, skólanefndir, foreldrar, kennarar og starfsfólk skóla og annað áhugafólk um menntun og skólastarf. Tilnefningum skal fylgja ítarlegur rökstuðningur.

**Tilnefningar skulu hafa borist til Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, Austurvegi 56 Selfossi, eigi síðar en 5. janúar nk.**

SASS

*Samtök sunnlenskra sveitarfélaga*

# Saumavélaveisla

## laugardaginn 6. desember



**Brother M1034**

4 þráða overlock vél
Verð 64.900,-
**Tilboð 49.900,-**



**Husqvarna Emerald 118**

Góð og kraftmikil vél sem ræður við allt frá þunnu silki upp í leður
Verð 64.900,-
**Tilboð 49.900,-**



**Husqvarna E-20**

Einföld saumavél, overlockspor, blindfaldur, teygjuspor og margir fleiri saumar
Verð 44.900,-
**Tilboð 37.900,-**



**Husqvarna Opal 650**

Flott saumavél með 20 cm fríarmi, hentar vel í bútasaum og fatasaum.
Verð 109.900,-
**Tilboð 94.900,-**

Selma Gísladóttir kjólameistari verður á staðnum, sýnir saumavélar og veitir ráðgjöf

Kynningarverð sem eru aðeins þennan dag



**Pfaff Expression 3.2**

Flott vél í bútasaum og fatasaum.
Verð 179.900,-
**Tilboð 150.000,-**

Husqvarna
PFAFF
brother

Kíktu við og fáðu þér kaffi, það er heitt á könnunni og með því

Opið til kl. 16

Árvirkinn

www.arvirkinn.is · Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160



# Sársauki er ekki eðlilegt ástand

## Átt þú rétt á slysabótum?

Vissir þú að ef þú hefur lent í umferðarslysi er líklegt að þú fáir endurgreiddan sjúkrakostnað, fáir greiddar bætur vegna þjáninga, tekjutjóns og miska sem af slysinu leiða, jafnvel þó þú hafir verið í órétti. Ef þú hefur lent í slysi, s.s. umferðarslysi eða vinnuslysi er mikilvægt að þú leitir réttar þíns sem fyrst.

Við erum sérfræðingar í innheimtu slysabóta. Hafðu samband og kannaðu rétt þinn. Það er þér að kostnaðarlausu.

TORT
INNHEIMTA SLYSABÓTA

Aðalstræti 6 - 101 Reykjavík - Sími 511 5008 - **www.tort.is**

# Jóladagskrá í Orgelsmiðjunni

*Jólamarkaður og tónlist í Orgelsmiðjunni, Hafnargötu 9 við bryggjuna á Stokkseyri.*

**Föstudagur 5. desember**
Kl. 20:00 Tónleikar – ***Þjóðlagasveitin Korka*** flytur fjölbreytta þjóðlagatónlist úr ýmsum áttum. Aðgangseyrir 1500 kr.
Þjóðlagasveitin er klædd í anda víkingatímans og er öllum sem mæta í víkingafatnaði boðið aðgengi á 700 kr.
Frítt fyrir börn yngri en 14 ára.
Tónleikagestum býðst að kaupa geisladisk Korku (Bak við fjöllin) á 1.000 kr á tónleikunum.

**Laugardagur 6. desember**
Kl. 14:00 - 18:00 Jólamarkaður opinn.
Kl. 15:00 Félagar úr Barna- og unglingakór Selfosskirkju syngja nokkur jólalög. Edit Molnár stjórnar.

**Sunnudagur 7. desember**
Kl. 14:00 - 18:00 Jólamarkaður opinn.

**Laugardagur 13. desember**
Kl. 14:00 - 18:00 Jólamarkaður opinn.
Kl. 15:00 - Ingibjörg og Birgit (sópran og bassi) og nemendur úr Tónlistarskóla Árnesinga flytja ljúfa jólatóna.

**Sunnudagur 14. desember**
Kl. 14:00 - 18:00 Jólamarkaður opinn.
Kl. 15:00 Blokkflautunemendur úr Tónlistarskóla Árnesinga flytja jólalög.


# Jólastund Tóna og Trix með stórsöngkonunni Guðrúnu Árnýju

Hin árlega jólastund Tóna og Trix, tónlistarhóps eldri borgara í Þorlákshöfn, verður haldin sunnudaginn 7. desember í Ráðhúsi Ölfuss. Það er orðinn fastur liður hjá mörgum að koma og eiga þessa stund á aðventunni og fyrir það eru allir þakklátir. Að þessu sinni verða gestir hópsins barnakórar Grunnskólans í Þorlákshöfn, píanóleikarinn Tómas Jónsson og stórsöngkonan Guðrún Árný Karlsdóttir. Að venju verður boðið upp á heitt súkkulaði og piparkökur í hléi. Jólastundin hefst kl. 16.00 í Ráðhúsi Ölfuss, sunnudaginn 7. desember. Aðgangseyrir er kr. 1500. Posi er ekki á staðnum. Allir eru velkomnir.



*Barnakór Grunnskólans í Þorlákshöfn.*



*Guðrún Árný Karlsdóttir söngkona.*

# Skógarnám í Þjórsárskóla

## Unnið að gerð skógarnámskrár

Í síðustu viku endurnýjuðu Skógrækt ríkisins og Þjórsárskóli eldri samstarfssamning frá 2009 um þróun skógarfræðslu í skólastarfi Þjórsárskóla til næstu þriggja ára eða til ársins 2017.

Grænfáni Landverndar var afhentur í 6. skipti af þessu tilefni, en Þjórsárskóli er annar tveggja grunnskóla sem hafa fengið Grænfánann sex sinnum. Hinn er Hvanneyrarskóli sem lengi hefur tengt sitt skólastarf við skóg og náttúru. Aðeins einn skóli hefur fengið Grænfánann sjö sinnum. Gerður Magnúsdóttir, verkefnisstjóri Skóla á grænni grein hjá Landvernd, afhenti Þjórsárskóla Grænfánann.

Hreinn Óskarsson skógarvörður skrifaði undir samninginn fyrir hönd Skógræktarinnar og Bolette Höeg Koch skólastjóri fyrir hönd skólans.

Frá árinu 2009 hefur margt verið gert í skógartengdu útinámi í Þjórsárdalsskógi en einnig á lóð skólans og næsta nágrenni. Þróuð hafa verið verkefni sem tengjast ólíkum námsgreinum og samþættum viðfangsefnum. Farnar eru tíðar og reglubundnar ferðir í skóginn þar sem allir nemendur og starfsfólk fara saman og einnig ferðir þar sem foreldrum er boðið að taka þátt, s.s. á aðventunni.

Í nýja samningnum er ætlunin að komast lengra í þróunarstarfinu og búa til „skógarnámskrá" sem tengist öllum námsgreinum í samþættu skógarnámi og efla um leið einstaklingsmiðað nám og fjölbreytta kennsluhætti, þróa matsaðferðir og skógartengd viðfangsefni sem tengjast grunnþáttum menntunar s.s. lýðræði, sjálfbærni, sköpun, læsi, jafnrétti, heilbrigði og mannréttindum.

Fljótlega verður foreldrum barna í Þjórsárskóla boðið á fjölbreytt skógarnytjanámskeið þar sem lögð verður áhersla á tálgutækni, ferskviðarnytjar og skógarhirðu.

Vonast er til að mikilvægri reynslu af þessu verkefni verði hægt að miðla til annarra landshluta, skóla og skógaraðila þar sem svipaðar landfræðilegar aðstæður eru og möguleikar á samstarfi.



*Hreinn Óskarsson skógarvörður ávarpar samkomuna.*



*Gerður Magnúsdóttir afhendir Grænfánann.*



*Nemendur kynna verkefni fyrir gestum.*


# Pantaðu á netinu



KENRO
myndaalbúm og tilbúnir rammar

innrammarinn
innrammarinn.is
Rauðarárstíg 33, 105 Reykjavík • sími 5117000 • opið virka daga kl. 10–18


# Leikskólamál í dreifbýli Ölfuss

Kaupsamningur um kaup Sveitarfélagsins Ölfuss á 9% hlut í leikskólum Hveragerðisbæjar var samþykktur á fundi bæjarstjórnar Ölfuss 27. nóvember sl. Við samþykkt samningsins munu börn úr dreifbýli Ölfuss njóta sama aðgengis að leikskólum Hveragerðis og börn með lögheimili í Hveragerði. Sveitarfélagið mun greiða Hveragerðisbæ 32 miljónir króna fyrir hlutinn. Á fundinum voru einnig lögð fram drög að samstarfssamningi milli Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfuss vegna skólamála sem taka á gildi frá og með 1. janúar 2015.

Samningarnir hafa þegar verið staðfestir af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar.

# Í tilefni af alþjóðlegum degi fatlaðs fólks 3. desember 2014

**Alþjóðlegur dagur fatlaðs fólks er 3. desember ár hvert. Þessi dagur hefur verið haldinn á hverju ári frá því að Sameinuðu þjóðirnar stóðu fyrir alþjóðlegu ári fatlaðs fólks árið 1981. Markmið alþjóðlegs dags fatlaðs fólks er að auka skilning á aðstæðum fólks með fötlun, baráttunni fyrir réttindum þess og fullri þátttöku í samfélaginu til jafns við aðra.**

### Notendaráð á Suðurlandi

Í lok ársins 2012 tók notendaráð Suðurlands til starfa en það er skipað af þjónusturáði Suðurlands í samræmi við þingsályktun sem Alþingi samþykkti um framkvæmdaáætlun um málefni fatlaðs fólks til ársins 2014. Eftir yfirfærslu málefna fatlaðs fólks til sveitarfélaganna, gerðu þrettán sveitarfélög á Suðurlandi með sér samning um þjónustu við fatlað fólk og eru félagsþjónustur á svæðinu grunneiningin í þeirri þjónustu. Öll dagleg stjórnun og samhæfing vegna samningsins er í höndum þjónusturáðs.

Allar reglur er varða þjónustu við fatlað fólk á Suðurlandi eru lagðar fyrir notendaráð sem fer yfir breytingar og kemur að stefnumótun. Notendaráð hefur það hlutverk að gera fötluðu fólki kleift að hafa áhrifin á þá þjónustu sem það nýtur í sínu sveitarfélagi. Notendaráð er einnig ráðgefandi fyrir sveitarstjórnir og stofnanir sveitarfélaganna. Fulltrúar notendaráðs eru talsmenn fatlaðra íbúa sveitarfélaganna og stuðla að jafnrétti þeirra á við aðra.

Í notendaráði sitja tveir fatlaðir einstaklingar, einn fulltrúi sveitarfélaganna, einn fulltrúi frá Þroskahjálp á Suðurlandi og einn fulltrúi frá foreldrum fatlaðra barna. Formaður notendaráðs er Kristín Þóra Albertsdóttir en hún er búsett á Selfossi.

### Barátta fyrir réttindum fatlaðs fólks á Suðurlandi

Kristín Þóra ákvað að taka að sér formennsku í notendaráði til að berjast fyrir réttindum fatlaðs fólks á Suðurlandi. „Ég hef mikla reynslu sjálf og þekki vel hindranir. Hindranir eru til dæmis eitthvað sem gerist í samskiptum fatlaðs fólks við starfsfólk, eitthvað sem gerist, stundum mitt á milli og stundum slæmt. Það er líka hindrun fyrir fatlað fólk að bíða í mörg ár á biðlista eftir húsnæði. Mér finnst ánægjulegt að geta talað við annað fatlað fólk og heyra hvað þau hafa að segja um hindranir sem þau mæta í sínu lífi.“

### Mikilvægt að fatlað fólk hafi val um búsetu

Kristín Þóra þekkir vel til málefna fatlaðs fólks, hún hefur notið þjónustunnar frá því hún var barn og hefur hún reynt ýmislegt í þeim efnum. Þegar hún var orðin fullorðin flutti hún að heiman inn á herbergjasambýli og þar bjó hún í nokkur ár. Seinna flutti hún í íbúð þar sem hún deildi húsnæði með öðrum fötluðum einstaklingi. „Mín upplifun er sú að ég hafi ekki haft neitt raunverulegt val um það hvar ég ætti að búa og með hverjum þegar ég var orðin fullorðin,“ segir Kristín. Fyrir nokkrum árum flutti Kristín Þóra í sjálfstæða búsetu og nú býr hún ein í notalegri íbúð á Selfossi. „Nú get ég stjórnað lífi mínu og staðið á eigin fótum. Ég er heppnari en margir sem geta ekki búið einir.“



*Kristín Þóra Albertsdóttir.*

Kristín Þóra þurfti ekki að bíða lengi eftir íbúð sjálf en hún þekkir marga sem hafa þurft að bíða lengi og jafnvel þurft að deila íbúð með einhverjum sem þeim semur ekkert endilega vel við. „Það geta komið upp árekstrar og vandamál, samkomulagið er ekki alltaf gott og erfitt að deila húsnæði með öðrum,“ segir Kristín Þóra.

### Óréttlátt að fá ekki að vinna allan daginn

Það er ýmislegt fleira en búsetumál sem brennur á Kristínu Þóru og nefnir hún þar atvinnumál fatlaðs fólks. Sjálf er hún í hálfu starfi í leikskólanum Álfheimum á Selfossi. „Ég fæ bara að vinna fram að hádegi á meðan aðrir fá vinnu allan daginn. Mér finnst það óréttlátt að fatlað fólk fái ekki að vinna allan daginn. Mér finnst að þetta eigi ekki að vera svona.“

### Raddir fatlaðs fólks ekki áberandi

Að sögn Kristínar Þóru hefur hún upplifað ýmis viðhorf, bæði í leik og starfi. Hún segir að rödd fatlaðs fólks sé ekki áberandi í umræðunni þó það sé að breytst. „Ég fæ stundum að heyra að ég sé of neikvæð þegar ég er að benda á það sem betur megi fara þegar kemur að málefnum fatlaðs fólks. En vissulega er margt jákvætt að gerast líka. En sumir vilja ekki að rödd fatlaðs fólks heyrist í umræðunni og vilja bara hafa hlutina eins og þeir hafa alltaf verið.“

Í starfi sínu í notendaráði talar Kristín við annað fatlað fólk á Suðurlandi. Hún segir að margir séu ekki meðvitaðir um réttindi sín. „Ég stend í þessu vegna þess að ég á vini og vinkonur sem eru í vandræðum og þurfa á hjálp að halda. Ég hef tekið eftir ýmsu í samfélaginu sem þarf að breyta og það eru margir í kringum mig sem eru að segja mér frá sínum upplifunum,“ segir Kristín sem vill sjá notendaráð blómstra í framtíðinni.

Að lokum má geta þess að notendaráð Suðurlands er tilnefnt til hvatningarverðlauna ÖBÍ árið 2014. Notendaráð er ekki í verðlaunahópi en það er mikill heiður að vera tilnefndur því í því felst að verk notendaráðs vekja athygli. Markmið verðlaunanna er að vekja athygli á þeim sem hafa stuðlað að einu samfélagi fyrir alla.









Pylsuvagninn Selfossi
Glæsileg tilboð til jóla

HAMBORGARI
m/osti, grænmeti eða 9 öðrum tegundum að eigin vali.
Franskar, sósa + gos
kr. 1.390,-

KJÚKLINGA-BORGARI
eða kjúklinganaggar + gos
kr. 1.000,-

PÍTA M/BUFFI
franskar, sósa + gos
kr. 1.490,-

SIGGABORGARI eða SVENNABORGARI
franskar, sósa og gos
kr. 1.490,-

KALKÚNAPÍTA
KALKÚNASAMLOKA
+ gos
kr. 1.000,-

KJÚKLINGATORTILLA eða TORGKJÚKLINGABORGARI
+ gos
kr. 1.040,-

SAMLOKA
m/skinku og osti + gos
kr. 710,-

RISTUÐ BREIÐLOKA
+ gos
kr. 1.000,-

STEIKARSAMLOKA, DÍSUSAMLOKA eða GRÍSASAMLOKA
og gos
kr. 1.270,-

Sjáumst!
Stelpurnar

FJÖLSKYLDUTILBOÐ
4 hamborgarar, franskar og 2 l gos
kr. 3.920,-

PYLSU VAGNINN SELFOSSI

HVERAGERÐISBÆR

## Verkefnastjóri í félagsmiðstöð

Leitað er að skemmtilegum og áreiðanlegum einstaklingi til að taka að sér umsjón með starfsemi Félagsmiðstöðvarinnar Skjálftaskjóls.
Viðkomandi þarf að hafa til að bera frumkvæði, góða samskiptahæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum. Verkefnastjóri vinnur í góðri samvinnu við nemendaráð, skóla, foreldra og menningar- og frístundafulltrúa.
Félagsmiðstöðin Skjálftaskjól er með starfsemi sína í Grunnskólanum í Hveragerði.

**Helstu starfssvið:**
- Umsjón og ábyrgð á félagsstarfi barna og ungmenna í Félagsmiðstöðinni Skjálftaskjóli
- Umsjón með ungmennaráði Hveragerðisbæjar.
- Skipulagning og framkvæmd viðburða í samráði við nemendaráð/ungmennaráð.
- Sinnir fyrirbyggjandi starfi s.s. forvörnum og fræðslu.
- Samskipti og samstarf við samstarfsaðila og forráðamenn.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Uppeldismenntun eða önnur sambærileg menntun æskileg.
- Reynsla af starfi með börnum og ungmennum æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði.
- Fagleg og skipulögð vinnubrögð nauðsynleg.
- Almenn tölvukunnátta.

**Frekari upplýsingar**
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Um er að ræða hlutastarf, aðallega unnið síðla dags og á kvöldin.

***Umsóknarfrestur er til og með 15. desember 2014.***

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhanna M. Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi, í síma 483 4000.
Einnig má senda fyrirspurnir á jmh@hveragerdi.is

# Vetrarfatnaður vegna neyðarástands

Rauði krossinn á Íslandi hefur opnað fyrir neyðarsöfnun á vetrarfatnaði sem verður komið til úkraínskra flóttamanna í Hvíta-Rússlandi. Rauði krossinn hvetur alla sem hafa tök á því til að leggja söfnuninni lið með hvers kyns prjónafatnaði, vetrarfatnaði og skóm, eða hlýjum teppum. Sóst er eftir fötum fyrir alla aldurshópa og bæði kyn.

Mikilvægt er að fatapokarnir sem ætlaðir eru úkraínskum flóttamönnum séu merktir „Úkraína“ áður en þeim er komið fyrir í fatagámum Rauða krossins eða grenndargámum. Einnig er tekið við fatnaði í miðstöð fatasöfnunar Rauða krossins í Skútuvogi 1 í Reykjavík.

Stjórnmálalandslagið í Úkraínu hefur verið vægast sagt óstöðugt á árinu sem er að líða. Óeirðir brutust út í febrúar á þessu ári þar sem óbreyttir borgarar voru myrtir við mótmæli. Átök hafa síðan geisað víða um landið en alvarlegust hafa þau verið í austurhluta landsins, við borgirnar Luhansk og Donetsk.

Nú þegar hafa hátt í 750 þúsund Úkraínumenn þurft að yfirgefa heimili sín. Hluti þeirra hefur freistað þess að sækja um pólitískt hæli í Hvíta-Rússlandi en þar hefur Rauði krossinn á Íslandi stutt mannúðarverkefni um nokkurra ára skeið. Eitt þeirra er fatasöfnun, þar sem hlýjum vetrarfatnaði er safnað og dreift til þeirra sem á þurfa að halda. Vetrarhörkurnar í Hvíta-Rússlandi geta verið einkar harðar og húsin mörg illa kynt.

Það er mikilvægt að átta sig strax á erfiðum aðstæðum úkraínskra flóttamanna í Hvíta-Rússlandi, sem þurftu að yfirgefa heimili sín vegna stríðsátaka – margir hverjir allslausir og illa búnir.

Hlutleysi er eitt af grunngildum Rauða krossins og því tekur hann ekki afstöðu með annarri hvorri stríðandi fylkingu. Rauði krossinn tekur fyrst og fremst afstöðu með óbreyttum borgurum, sem hafa þurft að súpa seyðið af refsskák stjórnmálamanna og herforingja.

Rauði kross Íslands



*Þjólagasveitin Korka stígur á stokk í Orgelsmiðjunni föstudaginn 5. desember kl. 20:00.*

# Jóladagskrá í Orgelsmiðjunni

Í ár verður í fyrsta skipti haldinn jólamarkaður í Orgelsmiðjunni, Hafnargötu 9, við bryggjuna á Stokkseyri. Stefnt er að notalegri stemningu og verður nokkrum sinnum tónlistarflutningur. Vöruúrvalið verður vandað handverk úr verkstæði Orgelsmiðjunnar, vörur úr nágrenninu, frá Þýskalandi, Pakistan og að hluta til með áherslu á tónlist. Margt mun koma á óvart og eru allir hjartanlega velkomnir.

Jólamarkaður opnar formlega föstudaginn 5. desember kl. 20:00 þegar þjóðlagasveitin Korka stígur á stokk. Miðaverð er kr. 1500,-. Þjóðlagasveitin er klædd í anda víkingatímans og er öllum, sem mæta í víkingafatnaði, boðið aðgengi á 700 kr. Frítt er fyrir börn yngri en 14 ára. Tónleikagestum býðst að kaupa geisladisk Korku (Bak við fjöllin) á 1.000 kr.

Þjóðlagasveitin KORKA er skipuð tónlistarfólki af Suðurlandi. Sveitin leitar aftur um aldir í lagavali, búningum og nafngift. Uppistaðan í efnisskránni eru íslensk þjóðlög, en sveitin ferðast að auki um slóðir víkinga og leikur m.a. þjóðlög frá Noregi, Írlandi og Mið-Evrópu. Birgit Myschi útsetur flest laganna, önnur eru flutt eins og hefðin býður og erlend þjóðlög hafa fengið íslenska texta. Með nafni KORKU er vísað í Laxdælasögu, en þar er hin þunna lína milli alþýðu og aðals persónugerð í írsku ambáttinni og konungsdótturinni Melkorku Mýrkjartansdóttur.

Jólamarkaðurinn verður opinn laugardag og sunnudag 6.–7. og 13.–14. desember kl. 14:00–18:00. Jólatónlist í flutningi ýmissa tónlistarmanna verður alla dagana kl. 15:00.


GLEÐI
GJAFIR
Við erum sérfræðingar í matvælaflutningum
790 kr.
staðgreitt
Hámark 30 kg eða 0,1 m³
Upplýsingar um afgreiðslustaði og opnunartíma er að finna á landflutningar.is
Landflutningar
SAMSKIP



## Refilsaumurinn hefur gengið einstaklega vel

**Ekki hefur verið nein lognmolla í kringum Njálurefilinn í ár og stanslaus straumur af ferðafólki, bæði Íslendingum og erlendum, áhugafólki og forvitnu fólki hefur lagt leið sína í Refilstofuna til að sauma og/eða skoða.**

Jafnframt hefur fólkið í sveitarfélaginu haldið áfram að vera duglegt að koma og sauma og nú þegar er búið að rúlla rúmum 33 tilbúnum metrum. Þegar hugsað er til þess að byrjað var að sauma í refilinn þann 2. febrúar 2013 þá er þetta alveg einstakur árangur að búið sé að sauma rúmlega þriðjung á fyrsta eina og hálfa árinu.

Til að allir fái nú góða hvíld um jólahátíðina og mæti hressir á nýju ári hefur verið ákveðið að taka gott jólafrí í Refilstofunni og verður því lokað frá 3. desember og til 12. janúar. Fyrsti opnunardagur eftir áramót er því þriðjudagurinn 13. janúar kl. 19:00.






## Árbók sveitarfélaga 2014 komin út

Samband íslenskra sveitarfélaga gaf í byrjun október út árbók sveitarfélaga 2014. Bókin er nú komin inn á heimasíðu sambandsins. Í bókinni er að finna upplýsingar um rekstur og efnahag sveitarfélaganna sem byggðar eru á niðurstöðum ársreikninga þeirra árið 2013. Einnig eru birtar í árbókinni upplýsingar um ýmis önnur atriði sem varða sveitarfélögin og rekstur þeirra sem gagnlegt er að hafa samandregnar á einum stað.


**Leikfélag Rangæinga**

Leikfélag Rangæinga sýnir leikritið Fullkomið brúðkaup í Hellubíói á Hellu. Fullt hefur verið á allar sýningar hingað til og mikil ánægja með þær.

***Hefur verið ákveðið að vera með tvær aukasýningar sem verða allra síðustu sýningarnar.***

10. sýning 12. des. föstudagur kl. 20.30 Aukasýning
11. sýning 13. des. laugardagur kl. 20.30 Aukasýning

Miðapantanir eru hjá Berglindi í síma: 699 3839 eða bbf@internet.is




Móðir mín, tengdamóðir og amma,

**Jórunn Ásta Hannesdóttir,**

lést 26. nóvember. Hún verður jarðsungin frá Hjallakirkju í Kópavogi föstudaginn 5. desember kl. 13:00.

**Hanna Stefánsdóttir, Vilhjálmur Helgason,**
**Einar Andri Vilhjálmsson**

## Jólatónleikar UniJon til styrktar Sjóðnum góða

Hjónin Úní og Jón Tryggvi, sem saman kalla sig UniJon, bjóða til jólatónleika í Stokkseyrarkirkju þann 7. desember næstkomandi kl. 20:00. UniJon bjóða uppá rólega og notalega jólatónleika. Tónleikarnir eru m.a. haldnir til styrktar Sjóðnum góða, en sjóðurinn er samstarfsverkefni Rauða krossins, Svf. Árborgar, kirkjunnar og félagasamtaka Árnessýslu. Sjóðurinn góði er hugsaður sem aðstoð fyrir hátíðarnar til handa þeim sem ekki eiga fyrir nauðþurftum. UniJon vilja leggja sitt af mörkum til að tryggja þeim, sem mest þurfa á því að halda, gleðileg jól.

## Átta myndlistarmenn með samsýningu á Bókasafninu í Hveragerði

**Laugardaginn 6. desember kl. 14 verður opnuð á Bókasafninu samsýning átta myndlistarmanna sem búsettir eru í Hveragerði.**

Myndlistarmennirnir eru Ásta Þórey Ragnarsdóttir, Helga Haraldsdóttir, Magnea Jónasdóttir, Norma Elísabet Samúelsdóttir, Óskar Arnar Hilmarsson, Pjetur Hafstein Lárusson, Sæunn Freydís Grímsdóttir og Tiha Toleva. Flestir vinna að listsköpun sinni að Egilsstöðum, gamla skólahúsinu í Hveragerði, en þar hafa þeir góða aðstöðu og gleðina við að vinna saman.

Allir listamennirnir eru félagar í Myndlistarfélagi Árnessýslu og hafa tekið þátt í fjölda samsýninga í nafni félagsins. Nokkrir þeirra hafa einnig haldið einkasýningar, m.a. hér á Bókasafninu.

Á sýningunni eru bæði ný og eldri verk, unnin með mismunandi aðferðum af ólíkum listamönnum, og eru þau flest til sölu.

Í tilefni af sýningaropnuninni verður safnið opið til kl. 16. Sýningin stendur til 15. janúar 2015 og er opin um leið og safnið, virka daga kl. 13–18:30 og laugardaga kl. 11–14.


Make it matter.
intel
inside
Nettari afgreiðsla
HP RP2 kassakerfislausnin
Intel® Quad Core™ J2900 Pentium®
J2A63AV
French Macaroons
12.63
Fyrirferðalítill vinnuþjarkur
HP RP2 kassakerfið er traust og áreiðanleg lausn sem uppfyllir ströngustu kröfur og er hönnuð fyrir langtímanotkun.
Meiri sveigjanleiki
Stilltu skjáinn eins og þér hentar best hvað varðar hæð, snúning og sjónarhorn og veldu þá aukahluti sem hæfa þínum rekstri.
TRS
Ein heild í þína þágu
Framúrskarandi fyrirtæki 2013
bsi. ISO/IEC 27001
Tölvu- og rafeindaþjónusta Suðurlands ehf
Eyravegi 37 • 800 Selfossi • Sími 480 3300 • www.trs.is

# Bókabæjarupplestur í Áhaldahúsi Hveragerðisbæjar

**Mánudaginn 8. desember kl. 17 lesa höfundar úr nýjum bókum í Áhaldahúsi Hveragerðisbæjar (Austurmörk 20). Þessi viðburður er samstarf Bókasafnsins og Áhaldahússins.**

Að ósk starfsmanna áhaldahússins höfum við fengið Yrsu Sigurðardóttur til að lesa úr bók sinni ***DNA***, en einnig lesa Jón Pálsson úr bók sinni ***Dýrmundur og málið með veginn***, Bjarni Harðarson úr ***Merði*** og Jóhannes Sigmundsson úr ***Gamansögur úr Árnesþingi***. Sannarlega fjölbreytt og áhugaverð dagskrá. Upplestur í Áhaldahúsinu rímar vel við það markmið Bókabæjanna austanfjalls að kynna bækur, bæði gamlar og nýjar, sem víðast og ná til sem flestra. Áhaldahúsið varð fyrir valinu bæði vegna áhuga starfsfólks og vegna þess að starfsmenn Áhaldahússins eru alltaf svo liðlegir í að aðstoða okkur á bókasafninu.

Við bjóðum alla áhugasama velkomna til að njóta með okkur, svo lengi sem húsrúm leyfir. Hressingin verður kaffi og matarkex í anda staðarins.


Bókakaffið
Selfossi

Jólabækur og kakóbolli

Á fimmtudagskvöldum mætir landslið rithöfunda og kynnir bækur sínar í Bókakaffinu á Selfossi. Notaleg stund yfir kaffi eða kakóbolla. Ókeypis aðgangur meðan húsrúm leyfir. Húsið er opnað klukkan átta en lestur hefst klukkan hálfníu og er lokið hálftíu.

Stuttir og skemmtilegir kaflar úr nýju bókunum.

4. desember lesa
Gyrðir Elíasson: Koparakur & Lungnafiskarnir
Þórarinn Eldjárn: Tautar og raular
Óskar Árni Óskarsson þýðandi: Músin sem gelti ... e. R. Edson
Jóna G. Torfadóttir þýðandi: Orkneyskar þjóðsögur
Áslaug Agnarsdóttir þýðandi: Æskuskáldsögur Tolstojs
Kristján Jóhann Jónsson: Grímur Thomsen
Þórður Helgason: 52 sonnettur




# Bókaupplestur og jólasýning í Húsinu

Ljúf jólastemning verður í Byggðasafni Árnesinga í Húsinu á Eyrarbakka á laugardaginn. Lesið verður úr jólabókum í stofunni, gömlu jólatrén skarta sínu fegursta og kaffi- og kökuilmurinn fyllir eldhúsið. Fjórir rithöfundar koma og lesa úr verkum sínum kl. 16.00. Guðrún Guðlaugsdóttir les úr skáldsögu sinni ***Beinahúsið*** og Eggert Þór Bern-



harðsson kynnir búskap í Reykjavík á 20. öld með bókinni ***Sveitin í sálinni***. Gestir fá að heyra meira frá Reykjavík í samtímasögu Ingibjargar Reynisdóttur ***Rogastans*** og í uppvaxtarsögu Jóhönnu Kristjónsdóttur ***Svarthvítir dagar.***

Jólasýning verður opin frá kl 14.00, skáldin byrja að lesa kl. 16.00 og kaffihlé verður í miðri dagskrá. Allir velkomir og enginn aðgangseyrir.

# Meðhöndlun á seyru til uppgræðslu í Ölfusi

**Sveitarfélagið Ölfus hefur samþykkt að gera samning við Landgræðslu ríkisins um móttöku á seyru til að bera á land norðan og vestan við Þorlákshöfn. Með þessu er verið að kynna íbúum þetta fyrirhugaða verkefni í uppgræðslumálum.**

Ekki er lyktarmengun eða önnur mengun af seyrunni þegar búið er að koma henni á sem áburði. Í skoðun hefur einnig verið að fara í samstarf við sveitarfélög í Árnessýslu um meðhöndlun á seyru, kölkun hennar þannig að bera megi hana beint á jörðina sem áburð. Sé seyra ekki meðhöndluð með kalki skal plægja hana niður í jörðina.

Frekari upplýsingar um framkvæmdina verða kynntar íbúum á kynningarfundi þar sem fjallað verður um þetta verkefni sem og sorpflokkun í sveitarfélaginu.

Mikill áburður er í seyru og með réttri meðhöndlun eða aðferð við að bera hana á er hún mjög góð til uppgræðslu.


Vantar þig heyrnartæki?
Heyrnarmælingar, ráðgjöf og heyrnartækjaþjónusta

Selfoss - 15. desember

Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður á Selfossi við heyrnarmælingar, ráðgjöf og sölu heyrnartækja. Mikið úrval af hágæða heyrnartækjum. Sérsmíðuð eða næstum ósýnileg bak við eyra. Margir verðflokkar.



Heyrnartækni
Bókaðu tíma í heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki til prufu
Sími 568 6880
Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Sími 568 6880 | www.heyrnartaekni.is


KÖRFUBOLTI

# Ísfirðingar lagðir í tvígang

### Hvergerðingar með skyldusigur

Ísfirðingar mættu borubrattir til Hveragerðis síðastliðinn föstudag eftir að hafa nælt í sinn annan sigur gegn Val í síðustu umferð 1. deildar karla í körfuknattleik. Hvergerðingar voru þó ekki að stressa sig á því enda höfðu Hamarsmenn unnið þrjá leiki í röð og sex af síðustu sjö leikjum sínum. Liðin byrjuðu nokkuð jafnt, en það voru þó gestirnir sem leiddu í byrjun og náðu mest sex stiga mun 10-16. Hamarsmenn voru ekki að hitta vel úr skotunum sínum gegn svæðisvörn KFÍ en hvað er betra en að eiga Halldór Jónsson á bekknum þá. Halldóri var skipt inn á um miðjan fyrsta leikhluta og enduðu Hamarsmenn leikhlutann með 20-8 spretti og staðan 30-24 eftir fyrsta fjóðung. Í öðrum leikhluta hélt Hamarsvélin áfram að malla og bættu þeir jafnt og þétt við forskotið, staðan í hálfleik 54-38. Strákarnir frá Hveragerði héldu áfram að valta yfir Ísfirðinga í seinni hálfleik og sáust tölur eins og 67-43, 72-45. Hvergerðingar náðu í enn einn skyldusigurinn og lokatölur 110-82.



*Körfuknattleikslið Hamars*

Atkvæðamestur hjá Hamri var sem fyrr Þorsteinn Gunnlaugsson með 27 stig og 15 fráköst. Julian Nelson var einnig með 27 stig, 8 fráköst og 3 stoðsendingar. Allir lögðu þó sitt á vogaskálarnar hjá Hamri og töluverð breidd er í þeirra liði.

### FSu vann tvo leiki

FSu spilaði tvo heimaleiki í 1. deild karla um helgina. Sunnudagsleikurinn var færður fram á mánudag vegna veðurs, en það breytir því ekki að fjögur stig bættust við í toppbaráttu deildarinnar. Á föstudag vannst allþægilegur 9 stiga sigur á botnliði Þórs, 80-71. Og á mánudagskvöld voru Ísfirðingar sendir heim án stiga því lið FSu vann öruggan 15 stiga sigur. Lokatölur 101-86. FSu byrjaði af miklum krafti í fyrri hálfleik. Sóknarleikurinn var glimrandi, silfurtærar leikfléttur, gullsendingar og hittnin frábær. Liðið skoraði 34 stig í fyrsta leikhluta og 62 í hálfleiknum. Á hinn bóginn var vörnin ekki eins þétt og áköf og verið hefur undanfarið og KFÍ skoraði fyrir vikið 42 stig, sem að öllu jöfnu á að vera alveg nóg til forystu. Á 6 mín. kafla frá miðjum öðrum hluta og fram í þann þriðja skoraði KFÍ 20 stig gegn 6 stigum FSu og allt í einu munaði 2 stigum, 76-74. Heimamenn náðu að spýta í lófana ílokin og unnu góðan sigur 101-86.

Collin Pryor átti afbragðsleik, skoraði 27 stig og tók 18 fráköst. Ari kom næstur með 24 stig og 4 fráköst og Elli á hæla hans með 22 stig og 5 stoðsendingar.

### Sunnlensku liðin á toppnum

Sunnlensku liðin FSu og Hamar eru nú á toppi 1. deildar með 12 stig ásamt Hetti frá Egilsstöðum. FSu og Höttur hafa leikið 8 leiki en Hamar 7. Næsti leikur Hamarsmanna er gegn Val í Frystikistunni í Hveragerði fimmtudaginn 4. desember kl. 20:15.



*Körfuknattleikslið FSu.*




VW Tiguan R-Line er í vetrarham og honum fylgja vetrardekk, dráttarkrókur, Webasto bílahitari, bakkmyndavél, leiðsögukerfi, fjarlægðarskynjari með bílastæðaaðstoð o.fl. Leyfðu þér að hlakka til vetrarins með Tiguan.

Tiguan R-Line 4Motion 2.0 TDI fjórhjóladrifinn og sjálfskiptur

- Dráttarkrókur
- Vetrardekk
- Webasto bílahitari
- Bakkmyndavél
- Leiðsögukerfi
- Fjarlægðarskynjari
- Panorama sóllúga
- 18" álfelgur
- Svæðaskipt miðstöð
- Hiti í speglum og sætum
- Alcantara leðursæti
- Bluetooth
- Leðurklætt aðgerðastýri
- Færanleg aftursæti á sleðum
- Stöðugleikastýring
- Skriðvörn
- Regnskynjari

Verð: 6.444.444 kr.

**Das Auto.**

**Bílasala Selfoss** · Hrísmýri 3 · Selfossi · Sími 480 4000 · www.bilasalaselfoss.is

JOICO
Kynning á nýju Joico-línunni í dag, 4. desember
20% afsláttur af Joico og jóla-Joico-tilboðum
Hársnyrtistofan Veróna
Austurvegi 9, Selfossi - Sími 482 3355

Þorir þú að tala um kynlíf við barnð þitt?
Opinská umræða um kynlíf milli foreldra og unglinga skilar sér oft í góðu kynheilbrigði hjá unglingum.
Forvarnarhópur Árborgar

## Halldór Björnsson ráðinn þjálfari U17 karla

KSÍ hefur gengið frá ráðningu Halldórs Björnssonar sem þjálfara U17 landsliðs karla næstu tvö árin, og mun hann jafnframt taka við hæfileikamótun KSÍ.

Halldór, sem hefur lokið KSÍ-A þjálfaragráðu og markmannsþjálfaragráðu, hefur kennt á þjálfaranámskeiðum KSÍ og var í þjálfarateymi A landsliðs kvenna sem komst í 8 liða úrslit í lokakeppni EM Í Svíþjóð 2013. Auk þess hefur Halldór þjálfað á Selfossi í áraraðir, m.a. 2. og 3. flokk karla og kvenna og mfl. kvenna. Þá var hann um tíma í fullu starfi hjá Knattspyrnuakademíu Íslands á Suðurlandi, var í þjálfarateymi mfl. karla há Selfossi þegar liðið lék í Pepsideildinni og starfaði síðast sem aðstoðarþjálfari mfl. ka. hjá Fylki. Halldór mun hefja störf í byrjun janúar 2015 og gildir ráðningin til ársloka 2016.



*Halldór Björnsson nýráðinn þjálfari U17 landslið karla í knattspyrnu.*





Til leigu
Til leigu 105,7 fm verslunarhúsnæði á besta stað á Selfossi nánar til tekið við Austurveg 35. Húsnæðið er tilbúið til hverskyns verslunarrekstrar en síðast var starfrækt tískuvöruverslun í húsnæðinu.
**Allar nánari upplýsingar veitir Snorri Sigurðarson í síma 897 7027.**

## Ægir og Þór fengu styrk til bifreiðakaupa

Á fundi bæjarstjórnar Ölfuss sem haldinn var þann 27. nóvember sl. var samþykkt að veita Umf. Þór og Knattspyrnufélaginu Ægi styrk að upphæð 2 milljónir króna vegna bifreiðakaupa. Einnig var samþykkt að hækka tímabundið styrk til fimleikadeildar Umf. Þórs til áhaldakaupa fyrir íþróttahús og fimleika. Styrkurinn er 2 milljónir króna. Um er að ræða kaup á dansgólfi fyrir fimleika.

- ög

prentmet Suðurlands HRAÐÞJÓNUSTA Eyravegi 25, Selfossi
Ljósritun
Gormun

## Kvenfélögin í Flóahreppi gáfu peninga til nýrrar göngudeildar lyflækninga á HSu

Heilbrigðisstofnun Suðurlands barst í vikunni höfðingleg gjöf að upphæð 1.347.165 kr. frá kvenfélögunum í Flóahreppi þ.e. Kvenfélögum Gaulverjabæjarhrepps, Hraungerðishrepps og Villingaholtshrepps sem safnaðist á basar félaganna sem haldinn var í Þingborg fyrir skömmu. Gjöfin er fyrir nýja göngudeild lyflækninga við sjúkrahúsið á Selfossi sem var opnuð 28. nóvember sl.

Þar verður megin áhersla lögð á lyfjameðferð erfiðra lyflæknisvandamála svo sem krabbameinsmeðferð, en að auki verða þar starfræktar tvær blóðskilunarvélar fyrir nýrnabilaða einstaklinga og fer meðferðin fram í samráði við sérfræðinga frá LSH. Ljóst er að meðferð erfiðra lyflæknisvandamála í heimabyggð mun létta líf skjólstæðinga stofnunarinnar verulega og efla um leið starfsemi sjúkrahússins. Opnun deildarinnar er ekki síst að þakka öflugum stuðningi einstaklinga, félaga og fyrirtækja sem lagt hafa verkefninu lið og finna þann hlýhug sem gjöfinni fylgir.



*Ný aðstaða á göngudeild lyflækninga á HSu þar sem m.a. tvær blóðskilunarvélar eru starfræktar.*



*Kvenfélagskonur úr Flóahreppi ásamt starfsmönnum Heilbrigðisstofnunar Suðurlands sem veittu gjöfinni viðtöku.*

# FANGAÐU SUNNLENSKA FEGURÐ

## CANON-DAGUR 5. DESEMBER

TRS
Ein heild í þína þágu

## CANON EOS 700D

**149.900 kr.**

M/ 18-55 STM linsu
Ýtir undir sköpunargleðina.
Námskeið, kennslubók og 32GB kort fylgir.



## CANON EOS 1200D

**89.900 kr.**

M/ 18-55 IS linsu.
Kennslubók, námskeið og Camlink þrífótur fylgir með.
Valin besta DSLR byrjendavélin af EISA 2014-2015.



## CANON PIXMA MG5650

**19.900 kr.**

Háþróaður fjölnota prentari með WiFi.
Prentun, ljósritun og skönnun.
Sparaðu pappír með prentun báðum megin.



## CANON POWERSHOT SX600

**29.900 kr.**

Hágæða myndir og vídeó.
Mjög nett með 18x aðdráttarlinsu.
WiFi og NFC fyrir snjalltækin.



TRS | Eyrarvegi 37 | www.trs.is | 480 3300

INTERSPORT errea www.errea.is

# íþróttir

FIMLEIKAR – FÓTBOLTI – FRJÁLSAR - HANDBOLTI – JÚDÓ – MÓTOKROSS - SUND - TAEKWONDO

UMF SELFOSS 1936



*Það var fullur salur af fólki í Tíbrá.* *Mynd: Umf. Selfoss/Gissur Jónsson*

# Aðalfundur knattspyrnudeildar

**Fjölmenni var á aðalfundi Knattspyrnudeildar Umf. Selfoss sem haldinn var í Tíbrá fimmtudaginn 27. nóvember. Stjórn deildarinnar var endurkjörin á fundinum og er það til marks um þann stöðugleika sem deildin hefur náð á seinustu árum.**

Óskar Sigurðsson, formaður knattspyrnudeildar, flutti skýrslu stjórnar og lýsti því daglega starfi sem fram fer á vettvangi deildarinnar þar sem meginþunginn er yfirleitt sá sami, þ.e. að afla tekna fyrir rekstur deildarinnar.

Sveinbjörn Másson, framkvæmdastjóri deildarinnar, kynnti reikninga knattspyrnudeildar fyrir fyrstu 10 mánuði ársins þar sem aðalfundir eru í nóvember ár hvert og ekki er því um endanlega mynd af rekstri ársins að ræða.

Tekjurnar á árinu 2014 eru um 39 milljónir og lækka um 25% milli ára. Gjöld eru um 43 milljónir og lækka einnig milli ára eða um 28%. Halli er því á rekstri deildarinnar upp á um 4 milljónir sem er nærri áætlunum en ennþá vantar nokkra stóra pósta í tekjuhliðina sem koma inn á þessu ári.

Sveinbjörn fór einnig yfir reikninga unglingaráðs. Miðað við niðurstöður þar er reksturinn í nokkuð góðu jafnvægi þó lítilsháttar tap sé nú í fyrsta sinn um langan tíma, eða 589 þúsund.

Stór hluti skýringarinnar er að tekjur af mótum minnka um 26%.

Í fjárhagsáætlun næsta árs er markmiðið að snúa við þróun síðustu ára um tekjufall og bæta í reksturinn. Nú á að gefa í og sækja fram af enn meiri krafti og til meiri árangurs. Í því verkefni verða allir að vera samstíga, stjórn, starfsmenn og allir aðrir sem nálægt standa, m.a. iðkendur.

Guðmundur Kr. Jónsson, formaður Umf. Selfoss, lýsti ánægju með að vera þátttakandi í þessum góða og fjölmenna fundi. Fundurinn og skýrsla stjórnar bera glöggt merki um öflugt starf.

Nánar er fjallað um fundinn á heimasíðu Umf. Selfoss www.umfs.is.

# Úthlutun UMFÍ

Í október var úthlutað styrkjum úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ og var þetta seinni úthlutun ársins. Sjóðurinn veitir m.a. styrki til félags- og íþróttastarfs ungmennafélagshreyfingarinnar með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, félagsmálum og félagsstarfi. Alls var úthlutað rúmlega 5 milljónum króna til 39 verkefna. Þar af voru fimm verkefni á vegum Umf. Selfoss sem hlutu styrk.

Fimleikadeild hlaut kr. 36.000 vegna þjálfaranámskeiðs 1A FSÍ og kr. 100.000 vegna fimleikaakademíu við Fjölbrautaskóla Suðurlands. Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss fékk kr. 150.000 vegna stofnunar frjálsíþróttaakademíu við Fjölbrautaskóla Suðurlands. Umf. Selfoss var úthlutað kr. 100.000 vegna 80 ára afmælis félagsins og kr. 100.000 vegna þjálfararáðstefnu í Árborg 2014.

Aðalstjórn Umf. Selfoss vill koma á framfæri þakklæti til UMFÍ fyrir myndarlega styrki sem styðja við bakið á blómlegu starfi Umf. Selfoss.

## VIÐBURÐIR NÆSTU VIKU

**Fimmtudagur 4. desember**
19:45 – 3. fl. kvk. Selfoss-Grótta

**Föstudagur 5. desember**
20:15 – 1. deild kk. Fjölnir-Selfoss

**Laugardagur 6. desember**
18:00 – 4. fl. kk. Selfoss-Fjölnir

**Sunnudagur 7. desember**
12:30 - 4. fl. kk. Selfoss-Afturelding

**Mánudagur 8. desember**
18:00 – 3. fl. kk. Selfoss-Grótta

**Þriðjudagur 9. desember**
HSK mót yngri iðkenda, Sandvíkursal

## ÚRSLIT SEINUSTU VIKU

**Þriðjudagur 25. nóvember**
2. fl. kk. Haukar-Selfoss 22-18

**Föstudagur 28. nóvember**
1. deild kk. Selfoss-Grótta 17-34
4. fl. kk. bikar Fylkir-Selfoss 14-21

**Laugardagur 29. nóvember**
3. fl. kvk. bikar FH-Selfoss 13-26
4. fl. kvk. Selfoss-HK úrslit vantar

**Sunnudagur 30. nóvember**
3. fl. kk. Fram-Selfoss úrslit vantar

**Mánudagur 1. desember**
3. fl. kvk. Fylkir-Selfoss 21-23



*Þorsteinn Daníel og Guðmunda Brynja ásamt efnilegum knattspyrnustelpum Selfoss.* *Mynd: Umf. Selfoss*

# Selfyssingar á landsliðsæfingum

**Hrafnhildur Hauksdóttir og Katrín Rúnarsdóttir leikmenn Selfoss voru valdar á landsliðsæfingar U19 sem fram fóru í Kórnum og í Egilshöll um seinustu helgi.**

Þá var fyrirliði Selfoss, Guðmunda Brynja Óladóttir, valin til þátttöku á landsliðsæfingar U23 sem fram fóru á sama tíma.

Selfyssingurinn Þorsteinn Daníel Þorsteinsson hefur og verið valinn til að taka þátt í úrtaksæfingum vegna U21 liðs karla í knattspyrnu. Æfingarnar, sem eru undir stjórn Eyjólfs Sverrissonar þjálfara U21 landsliðs Íslands, fara fram í Kórnum helgina 6. og 7. desember.



## Daníel Jens og Ingibjörg Erla kepptu í París

**TAEKWONDO** Daníel Jens Pétursson og Ingibjörg Erla Grétarsdóttir kepptu á Paris open í taekwondo helgina 22.-23. nóvember. Daníel Jens vann fyrsta bardaga sinn 15-9 en seinni bardaga sínum tapaði hann 7-11 og endaði í 9.-16. sæti af 32.

Ingibjörg Erla varð fyrir því óhappi að tábrotna á móti í Skotlandi tveimur vikum fyrir opna mótið í París. Hún mætti því löskuð til leiks og gat ekki beitt sér sem skyldi og tapaði fyrsta bardaganum á móti keppanda frá Brasilíu.

# Baráttuna vantaði hjá Selfyssingum

**HANDBOLTI** Selfyssingar tóku á móti Gróttumönnum í 1. deildinni í íþróttahúsi Vallaskóla á föstudag.

Fyrir þá sem áttu von á spennandi leik í toppbaráttunni stóð leikurinn aldrei undir væntingum. Gestirnir höfðu yfirburði á öllum sviðum handboltans og leiddu í hálfleik 7-16. Þrátt fyrir að hafa staðið í Gróttunni í upphafi seinni hálfleiks dró enn í sundur með liðunum og munaði að lokum helming í markaskorun. Lokatölur 17-34.

Það er mest lítið um leikinn að segja en barátta liðsins var ekki til staðar og sáu okkar menn í raun aldrei til sólar. Ótrúlegur viðsnúningur frá því að þessi lið áttust við fyrr í haust en þá voru Selfyssingar óheppnir að vinna ekki. Munurinn á þessum liðum er fjarri því að vera eins og tölurnar gefa til kynna.

Guðjón Ágústsson var markahæstur Selfyssinga með 5 mörk, Elvar Örn Jónsson skoraði 4, Hörður Másson 3, Daníel Arnar Róbertsson og Andri Már Sveinsson 2 mörk hvor og Jóhann Erlingsson 1 mark.

Sebastian Alexandersson varði 11 skot í marki Selfoss og Helgi Hlynsson 2.

Að loknum 10 leikjum er Selfoss í 5. sæti deildarinnar með 11 stig. Eftir tvo erfiða og óþarflega stóra tapleiki er ekkert annað en að spyrna sér í botninn og byrja upp á nýtt. Næsti leikur strákanna er gegn Fjölni í Grafarvoginum föstudaginn 5. desember og hefst kl. 20:15.




FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is
*Fagleg og persónuleg þjónusta*


Snorri Sigurfinnsson
Löggiltur fasteignsali
Sími 864 8090
snorri@fasteignasalan.is


Hafsteinn Þorvaldsson
Sölufulltrúi
Sími 891 8891
hafsteinn@fasteignasalan.is


Snorri Sigurðarson
Sölufulltrúi
Sími 897 7027
ssig@fasteignasalan.is

FRUM - www.frum.is



**Dælengi 16 - 800 Selfoss**

145,2 fm steypt einbýli og 51 fm tvöfaldan bílskúr samtals 196,2 fm byggt 1976. Um er að ræða 3 rúmgóð svefnherbergi áður 4, baðherbergi, gesta salerni, stofu, eldhús, forstofu, sjónvarpshol, gang og þvottahús. **Verð 29.9 millj.** **Upplýsingar veitir Hafsteinn Þorvaldsson 891 8891 eða Snorri Sigurðarson 897 7027**



**Birkigrund 44 - 800 Selfoss**

Rúmgott og vandað 222,3 fm einbýlishús sem stendur á besta stað. Íbúðin telur forstofu, stofu, borðstofu, eldhús, sjónvarpshol, 5 svefnherb., baðherbergi. þvottahús og rúmgóðan bílskúr. **Verð 44 millj.** **Upplýsingar veitir Hafsteinn Þorvaldsson sími 891 8891 eða Snorri Sigurðarson sími 897 7027**



**Hraunbær 7 - Hveragerði**

Nýlegt raðhús 154,8 fm. Þar af bílskúr 25,7 fm í barnvænu hverfi stutt frá leikskóla. 3 rúmgóð svefnh., stofa, eldhús, baðh., forst., þv.hús og bílskúr. Gott innra skipulag og fallegar innréttingar. Pantaðu skoðun strax. **Verð 29,2 millj.** **Upplýsingar veitir Snorri Sigurðarson sími 897 7027 eða Hafsteinn Þorvaldsson sími 891 8891**



**Vallarland 9–17 - 800 Selfoss**

Raðhús í smíðum. Annars vegar er um að ræða þrjár 3ja til 4ra herb. íbúðir án bílskúrs stærð 82,1 fm og hins vegar tvær 3ja til 4ra herb. íbúðir + bílskúr stærð 131 fm. Tilbúnar til afh. maí 2015. **Verð frá 10.950.000 fokhelt/fullbúið að utan.** **Upplýsingar veitir Snorri Sigurðarson sími 897 7027 eða Hafsteinn Þorvaldsson sími 891 8891**



**Básahraun 46 - 815 Þorlákshöfn**

Fallegt og vandað, 187,2 fm, nýlegt, fullbúið einbýli á útsýnislóð. Frágangur til fyrirmyndar. Vandaðar innrétt. 4 góð herb. Byggt 2009. Klætt með liggjandi bárujárni og standandi viðarkl. Sólpallar með heitum potti. **Ásett verð 34,9 millj.** **Uppl. veitir Snorri Sigurfinnsson lögg. fasteignasali sími 864 8090 eða snorri@fasteignasalan.is**



**Fagurgerði 9 - 800 Selfoss**

Einbýlishús með aukaíbúð. Hús byggt 1938, 160,4 fm og bílskúr byggður 1971, skráður 77 fm. Samtals 237,4 fm. Húsið er steypt og klætt með stálklæðningu og bílskúr úr holsteini. Sérinngangar. Lóðin er stór 900 fm eignarlóð. **Verð 28,9 millj.** **Uppl. veitir Snorri Sigurfinnsson lögg. fasteignasali sími 864 8090 eða snorri@fasteignasalan.is**



**Eldstó - 860 Hvolsvöllur**

Veitingahús og gistiheimili, við Austurveg 2, þjóðveg 1. Vel byggt og vel við haldin eign, samtals 362,2 fm. Öll rekstrarleyfi til staðar. 40 manna salur. Vel tækjum búið eldhús. Gistiheimili fyrir 13 manns. Nýlega uppgert. **Ásett verð 79,5 millj.** **Uppl. veitir Snorri Sigurfinnsson lögg. fasteignasali sími 864 8090 eða snorri@fasteignasalan.is**



**Kaktus veitingahús - 800 Selfoss**

Rekstur veitinga- og kaffihúss á besta stað. Í húsinu hefur verið veitingarekstur í langan tíma. Leigusamningur. Vel tækjum búið eldhús. Ítarlegur listi yfir tæki og áhöld hjá fasteignasala. 40 manna salur. Útipallur með húsgögnum. **Uppl. veitir Snorri Sigurfinnsson lögg. fasteignasali sími 864 8090 eða snorri@fasteignasalan.is**

Fasteignasalan Bær • Austurvegi 26 • 800 Selfossi • Sími 512 3400 • Fax 517 6345 • www.fasteignasalan.is

# Jól í Árborg 2014

**Jólatorgið opið í Sigtúnsgarðinum á Selfossi helgina 5. – 7. desember**

## Komið og sjáið litlu jólalestina

**Fjölbreyttur varningur er til sölu á torginu. M.a. kakó, jólavörur, steinakarlar, útskornar vörur, prjónavörur, handverk ofl. Lítið jólaþorp á staðnum með rafmagnslest sem gaman er að skoða.**

**Torgið er opið föstudag frá 15:00 – 18:00 og laugardaga og sunnudaga frá 12:00 - 18:00. Jólatónlist ómar um svæðið frá opnun torgsins.**

***Viðburðir á sviði frá kl.15:00 laugardaginn 6. des.***

- Jóhanna Ómarsdóttir syngur
- Anton Guðjónsson og Gunnar Guðni mæta og spila og syngja

***Sunnudagurinn 7. des. frá kl. 14:00***

- Barna- og unglingakór Selfosskirkju syngur nokkur lög undir stjórn Edit Molnár
- Daníel Haukur Arnarsson syngur

**Torgið er síðan opið til jóla á föstudögum kl. 15:00 – 18:00, laugardaga og sunnudaga frá 12:00 – 18:00. Þeir sem hafa áhuga á að selja varning í söluhúsunum geta haft samband við Sigrúnu Hauksdóttur í síma 618-5000 eða sent póst á sigrun@pax.is.**

# Fjárhagsáætlun og framtíð Árborgar





Framsóknarfélag Árborgar boðar til félagsfundar fimmtudaginn 4. desember kl. 20:00.
Fundurinn er haldinn í Framsóknarhúsinu Eyravegi 15.

*Dagskrá fundarins:*

Fjárhagsáætlun Árborgar 2015 og þriggja ára áætlun
*- Helgi S. Haraldsson bæjarfulltrúi í Árborg,*

Landsmálin
*- Silja Dögg Gunnarsdóttir þingmaður Suðurkjördæmis*

Önnur mál

Stjórn Framsóknarfélags Árborgar

# BÓKAUPPLESTUR OG JÓLASÝNING *í Húsinu*









**Fjórir rithöfundar lesa úr verkum sínum í Húsinu á Eyrarbakka laugardaginn 6. desember kl. 16.00.**

**Guðrún Guðlaugsdóttir** les úr skáldsögu sinni **Beinahúsið** og **Eggert Þór Bernharðsson** kynnir búskap í Reykjavík á 20. öld með bókinni **Sveitin í sálinni**. Gestir fá að heyra meira frá Reykjavík í samtímasögu **Ingibjargar Reynisdóttur, Rogastans** og í uppvaxtarsögu **Jóhönnu Kristjónsdóttur, Svarthvítir dagar.**

**Jólasýning** safnsins verður opin sama dag frá kl 14.00 til 16.00.

**Jólakaffi** verður á boðstólunum.




Opið alla daga frá 1. maí til 30. sept. milli kl 11 – 18. Á öðrum tímum eftir samkomulagi.
sími 483 1504 | husid@husid.com | www.husid.com







JÓLAMARKAÐUR
Í FÁKASELI
LAUGARDAGINN 6. DESEMBER
FRÁ KL. 12 TIL 16
Matur beint frá býli
Jólasveinar og jólatríóið
Tríóla verða á staðnum!
Andlitsmálning og kandífloss
í boði BYKO
Eldhestar bjóða
börnunum á hestbak
Íslenskt handverk
YNDISLEGUR DAGUR
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
Í JÓLAUNDIRBÚNINGNUM
THE ICELANDIC
HORSE PARK
FÁKASEL
geiri
sponn.is
HEIMAHAGI
JÖTUNN
Reykjavik Excursions
BYKO
Ingólfshvoli | 816 Ölfus | fakasel.is | fakasel@fakasel.is | sími 483 5050


nettó
Í JÓLASKAPI
ÖND
HEIL
-20%
1.523
ÁÐUR 1.903 KR/KG
ANDABRINGUR
FRANSKAR
-30%
2.995
ÁÐUR 4.279 KR/KG
LÚXUS GRÍSAHRYGGUR
PÖRUSTEIK
-40%
1.379
ÁÐUR 2.298 KR/KG
GÆSABRINGUR
-30%
2,799
ÁÐUR 3.998 KR/KG
KJÚKLINGABRINGA
Í JÓLAAPPELSÍNUBARENINGUR
-16%
2.098
ÁÐUR 2.498 KR/KG
LAMBALÆRI
BLÁBERJA
1.698
KR/KG
KJÖTSEL
VERTU VISS UM AÐ ÞAÐ STANDI "YOUNG" Á RJÚPUNNI ÞINNI. ÞAÐ TRYGGIR ÞÉR YNGRI FUGL!
RJÚPA, SKOTLAND
350-400 GR
1.398
KR/STK
GRÍSAKÓTILETTUR
FERSKAR, ÚRBEINAÐAR
-46%
998
ÁÐUR 1.849 KR/KG
BAUTA BÚRIÐ
KALKÚNN
FRANSKUR
1.090
ÁÐUR 1.298 KR/KG
COOP KARTÖFLUR 900GR
BÁTAR, SKÍFUR OG STRÁ
-13%
398
ÁÐUR 459 KR/PK
coop
Pommes strips
Pommes Barbecue
www.netto.is
| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |




SMÁKÖKUR
DELIKATESS
499
KR/PK

PIPARKÖKUR
DELIKATESS
399
KR/PK

# JÓLAHÚS NETTÓ

AKUREYRI | NJARÐVÍK
BORGARNESI | EGILSSTÖÐUM |
SELFOSSI
MJÓDD | GRANDA

OPIÐ 6. - 24. DESEMBER

Fáðu ráðleggingar hjá sérfræðingi okkar varðandi jólasteikina og hangikjötið



APPELSÍNUR
FERSKAR OG FÍNAR
-50%
125
ÁÐUR 249 KR/KG



HUMAR - 2KG
ASKJA
-44%
5.034
ÁÐUR 8.989 KR/ASKJAN



RJÚPUBRINGUR
4 STYKKI
1.989
KR/PK




HUMAR VIP ASKJA
800 GR
15%
5.948
ÁÐUR 6.998 KR/PK




MONSTER HIGH VÖRUR
3 TEGUNDIR
-17%
298
ÁÐUR 359 KR/STK




NICE & EASY PIZZUR
4 TEGUNDIR
-30%
298
ÁÐUR 426 KR/STK



COOP LOFTKÖKUR
TYLSTRUP - 200 GR
399
KR/PK

**Tilboðin gilda 4. - 7. des 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Rekstur klúbbsins aldrei komið jafn vel út

Aðalfundur Golfklúbbs Selfoss var haldinn þann 29. nóvember síðastliðinn. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa var meðal annars rætt um fyrirhugaðar breytingar og stækkun Svarfhólsvallar og viðhorfskynningu sem gerð var á meðal kylfinga í íþróttafélaginu ásamt því að viðurkenningar voru veittar fyrir góða frammistöðu á ýmsum sviðum golfsins.

Ástfríður Sigurðardóttir formaður klúbbsins kynnti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu þætti í fjölbreyttu starfi þess öfluga íþróttafélags sem GOS er að verða en mikil og eftirtektarverð gróska hefur verið í barna- og unglingastarfi sem og nýliðastarfi og einnig var kvennagolf mjög öflugt á síðasta ári hjá klúbbnum. Allir þessir hópar sem og aðrir kylfingar hófu tímabilið í byrjun árs 2014 með æfingum í inniaðstöðu klúbbsins á Eyrarbakka og var hún vel nýtt.

Sumarið varð ekki gæfuríkt veðurfarslega séð fyrir kylfinga á suðvesturhorni landsins en engu að síður var Svarfhólsvöllur í frábæru ástandi allt tímabilið og flatir af gæðum sem spurðust út. Aðsókn varð á endanum nokkuð góð þrátt fyrir allt og rekstur klúbbsins aldrei komið jafn vel út. Rekstrartekjur fóru í fyrsta skipti yfir 50 milljónir og hagnaður ársins varð rúmar 4,5 milljónir. Það var nýjung í starfinu að geta verið með 2 heilsársstarfsmenn og skiptir slíkt sköpum þar sem allur undirbúningur golftímabilsins fer fyrr af stað, viðhald véla fær rýmri tíma og öll þjónusta við félagsmenn gengur betur.

Á liðnu tímabili voru einnig í fyrsta sinn gerðir afrekssamningar við þau Alexöndru Eir Grétarsdóttur og Andra Pál Ásgeirsson sem eru ungir og afar efnilegir kylfingar og miklar fyrirmyndir í alla staði. Þau hlutu einnig styrki úr afrekssjóði GOS og Árborgar og voru tilnefnd til kjörs Íþróttamanna Árborgar 2014.



*Ástfríður Sigurðardóttir, formaður GOS, ásamt ungum verðlaunahöfum.*

Á aðalfundinum voru einnig veittar viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur á ýmsum sviðum en þær hlutu ungt og efnilegt fólk í klúbbnum og augljóst að framtíðin er björt. Eins og hjá öðrum klúbbum á landsvísu hefur þó vantað töluvert uppá að ungar stúlkur æfi golf af kappi samanborið við drengina og ákvað GOS því að fara í nýtt átak sem fékk heitið „Stelpuátak 2015“ og felst í því að stúlkur undir 18 ára munu á árinu geta stundað golfið hjá klúbbnum án endurgjalds og eru æfingar innifaldar í því. Það verður spennandi að sjá hverju svona verkefni skilar. Tillögur um árgjöld, fjárhagsáætlun, lagabreytingar og ályktun sem lögð var fyrir fundinn voru allar samþykktar samhljóða.

Eins og mörgum er kunnugt þá festi Sveitarfélagið Árborg á vormánuðum kaup á um 200 hektara landi úr Laugardælum en Svarfhólsvöllur liggur á hluta þess svæðis. Með þessu var íþróttafélaginu GOS tryggt framtíðarland í fyrsta skipti eftir hrakningar síðustu áratuga og var þetta ein stærsta stund sem félagar í GOS hafa upplifað. Það eru því spennandi tímar framundan hjá golfklúbbnum. Sveitarfélaginu voru færðar miklar þakkir fyrir þetta gæfuskref sem og öllum þeim aðilum sem lögðu hönd á plóginn í starfi félagsins á tímabilinu.

*Ástfríður Sigurðardóttir, formaður GOS.*

# Íbúafundur um frekari nýtingu á vindorku í Þykkvabæ

Íbúafundur um nýtingu á vindorku innan Rangárþings ytra verður haldinn þann 8. desember í Íþróttahúsinu í Þykkvabæ kl. 20.00. Fulltrúar sveitarfélagsins ásamt forsvarsmönnum Bíokraft ehf. munu sitja fundinn og svara spurningum eftir þörfum. Fundarstjóri verður Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra. Fulltrúar sveitarfélagsins munu einnig svara spurningum um önnur almenn skipulagsmál í sveitarfélaginu í lok fundar ef eftir því verður leitað. Fundurinn er öllum opinn en íbúar í Þykkvabæ eru sérstaklega hvattir til að mæta.

# Alexandra Eir kylfingur ársins hjá GOS

Alexandra Eir Grétarsdóttir var valin kylfingur ársins á aðalfundi GOS sem fram fór 27. nóvember sl. Alexandra er frábær íþróttamaður sem hefur náð frábærum árangri og sýnt miklar framfarir á þessu ári enda gríðarlega dugleg við æfingar. Alexandra er fyrst kvenna í GOS til að vera valin kylfingur ársins. Hún fékk einnig Háttvísibikar GSÍ.

Á aðalfundinum voru einnig veittar viðurkenningar fyrir framfarir og ástundun. Eftirtaldir kylfingar hafa verið duglegir að mæta á æfingar og náðu miklum framförum í sumar. Þau sem fengu viðkenningu voru: Heiðrún Anna Hlynsdóttir, Þóranna Ýr Guðgeirsdóttir, Petra Grétarsdóttir, Sverrir Óli Bergsson og Heiðar Snær Bjarnason. Aron Emil Gunnarsson var valinn efnilegasti unglingurinn þetta árið en Aron er mjög efnilegur eins og margir aðrir í hans flokki.



*Alexandra Eir Grétarsdóttir kylfingur ársins hjá Golfklúbbi Selfoss.*

Heiðrún Anna Hlynsdóttir fékk síðan viðurkenningu fyrir mesta lækkun á forgjöf hjá GOS 2014, en Heiðrún lækkaði úr 35,9 í 18,3 og geri aðrir betur.

Framkvæmdabókin

2015 er komin

prentmet Suðurlands

Eyravegi 25 • Selfossi • Sími 482 1944




# Fyrirlestur með Sigurði Ragnari Eyjólfssyni

Fimmtudaginn 4. desember nk. heldur Sigurður Ragnar Eyjólfsson, íþróttafræðingur og fyrrverandi þjálfari kvennalandsliðsins í fótbolta, fyrirlestur í safnaðarheimilinu á Hellu. Siggi Raggi mun fjalla um hvað þarf til að ná árangri í íþróttum og öðru því sem maður tekur sér fyrir hendur. Allir eru velkomnir og hefst fyrirlesturinn kl. 20:00.


*Sigurður Ragnar Eyjólfsson íþróttafræðingur.*

Þessi fyrirlestur er samstarfsverkefni eftirtalinna aðila: Ungmennafélagið Hekla, Íþróttafélagið Dímon, Íþróttafélagið Garpur, Ungmennafélagið Framtíðin, Knattspyrnufélag Rangæinga og foreldrafélög grunnskólanna á Hvolsvelli, Laugalandi og á Hellu.

Dagbækurnar

sívinsælu komnar

prentmet Suðurlands

Eyravegi 25 • Selfossi • Sími 482 1944



# BÍLAR

**Klettur**
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.

HEKLA
Hjólastillingar
Shell smurþjónusta
ÞJÓNUSTUUMBOÐ SELFOSSI

**AB SKÁLINN**
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

# HEILSA

**Dáleiðsla - heilsuráðgjöf - nudd - svæðanudd**
Svæðanudd, nudd, augnlestur, heilsuráðgjöf, einnig dáleiðsla en með dáleiðslu má m.a. finna rót heilsuvandamála, aðstoða fólk við að hætta að reykja, bæta árangur á mörgum sviðum, upplifa brot úr fyrri æviskeiðum, vinna að æskilegri líkamsþyngd og margt fleira. Vinn einnig með kenningar Edgars Cayce um grunn góðrar heilsu með hollu mataræði, með líkamsrækt og jákvæðu hugarfari. Bókanir í síma 898 1501.
**Heiðar Ragnarsson, Heilsulindinni, Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi**

**Bowen**
Á lausan tíma í Bowen.
Ath. að fyrsti tíminn er með 25% afslætti.
Börn undir 2 ára fá fría meðferð.

Tímapantanir milli kl. 10 og 12 alla virka daga.

**Margrét Jónsdóttir**
**Bowentæknir**
**Sími 898 4738**

**Reynir Katrínar**
Nuddmeðferðir
Heilun
Spálestur í steina guðanna og þrívalda
Einnig áruteiknun

Tímapantanir og upplýsingar í síma 861 2004
**Reynir Katrínarson, nuddmeistari**

# GISTING

**GISTING VIÐ LEGOLAND**
Gisting við Legoland og Billund flugvöll, 10 ára reynsla, www.bbgisting.com, sími 0045 75 88 57 18.
**Bryndís og Bjarni**

**GISTING AKUREYRI**
Flott orlofshús í Vaðlaheiði við Akureyri.
Höfum einnig íbúðir á Akureyri.
*Nánari upplýsingar á www.orlofshus.is*

# ÞJÓNUSTA

**KJARNA-BÓKHALD**
*Austurvegi 6 - 800 Selfossi*
*Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is*

**Bókhald • Framtöl • Skattskil**
**Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.**

**Ráð í rekstri!**

**SSS ehf**
HÚSASMÍÐI
**Sveinn Skorri Skarphéðinsson**
**Sími 893 0422**
**sveinnskorri@gmail.com**

**BR FLUTNINGAR**
**S: 662-1122**
**Daglegar ferðir**
**SELFOSS - REYKJAVÍK**
**SUÐURLAND**

**X 5**
Persónuleg þjónusta
Bílaviðgerðir
Hjólbarðasala
Hjólbarðaþjónusta
Gagnheiði 34 S: 893-3305
SUNNY WANLI

**Hjá Maddý ehf.**
Eyravegi 27- 800 Selfoss
s. 482 3454 – maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Launavinnsla
Reikningaskrif

Greiðslumat
Greiðsluerfiðleikamat

Persónuleg þjónusta

**Bókabæjarviðburður**

**Upprisukórinn og upplestur**
Miðvikudaginn 10. desember kemur Upprisukórinn og syngur jólalög á Bókasafninu kl. 16:10.
Svo í beinu framhaldi verður vinsæla sögustundin hjá Kiddý kl. 16:30.



***Allir velkomnir.***

# ÞJÓNUSTA

**• STEYPUSÖGUN • KJARNABORUN • INNRÖMMUN • TVÍBLAÐASÖGUN FYRIR HITALÖGNUM •**
Saga dyragöt, gluggagöt og fleira í steinsteypu.
Kjarnaborun fyrir lögnum.
*Ramma inn myndir, spegla og fleira.*
***Opið frá kl. 12-20 virka daga, og þess utan ef einhver er við.***
**ÁSGEIR EGGERTSSON**
**Sléttuvegi 6, Selfossi**
**Sími 482 2319 - 893 9068.**
**STEINSTEYPUSÖGUNIN ÁS ehf.**

**Eru meindýrin að angra þig?**



**Sími: 892 0502**

**Gunnar Þór Hjaltason,**
meindýraeyðir, Bjarnastöðum, Ölfusi

**Taxi Hveragerði**
**5 - 8 manna bílar**
**sími 483 4200**

**Hulin viska**
Veist þú hver þú ert?
Veist þú hvað þú kannt?
Veist þú hver tilgangur þinn er hér?
Við gætum hjálpað þér að finna svörin við þessum spurningum.
Bjóðum uppá ráðgjöf, miðlun, tarot, heilun og jákvæða vitund.
Tímapantanir í síma: 692-7273
***Hulda Kristín Jóhannesdóttir***
***Þorgeir Þorgeirsson***



# TIL SÖLU



**Til sölu**
barnakjólar á 1 1/2 - 2ja ára, kr. 12.400 og barnateppi, kr. 8.600. Uppl. í síma 551 3836.

# FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU**
**Sími 696 1752**

**Al-Anon**
**Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 21:00, Hrísholti 8.**

**CoDA**
**Bataleið frá meðvirkni**
Fundir alla sunnudaga kl. 16 Hrísholti 8, Selfossi (AA húsið). Nánari upplýsingar coda.is.

**AA**
Fundir alla miðvikudaga kl. 19:30.
**Hrísholti 8, Selfossi.**
**Nánari upplýsingar á aa.is**

# Frá sýslumanninum á Selfossi

Vegna starfsdags starfsmanna föstudaginn 5. desember 2014, verður afgreiðsla vegabréfa, ökuskírteina og þinglýsinga lokuð frá kl. 11:00 á skrifstofu sýslumannsins á Selfossi.

Sýslumaðurinn á Selfossi

# KIRKJUR

**Þykkvabæjarkirkja**
Aðventukvöld fimmtudaginn 4. desember kl. 20:00.

**Oddakirkja**
Aðventukvöld sunnudaginn 7. desember kl. 20:00.

**Skarðskirkja**
laugardaginn 6. des. kl. 16.00.

**Marteinstungukirkja**
sunnudaginn 7. des. kl. 14.00

**Árbæjarkirkja**
sunnudaginn 7. des. kl. 16.00.

# FUNDIR

Þórhallur verður með einkatíma 13. des.
Guðrún Ívarsdóttir miðill verður með einkatíma 3. jan 2015.
Næsta opna hús verður mánudagskvöldið 5. jan 2015. Þar verða meðlimir Andlegt hópsins og bjóða uppá stutta spá (bolli eða spil) eða meðferð gegn vægu gjaldi (500 kr.) sem rennur til félagsins.
Opinn bænahringur verður næst þriðjudagskvöld 6. jan. 2015 kl. 20.
Upplýsingar í síma 861-2150.

**Sálarrannsóknarfélagið**
**Austurvegi 26, Selfossi**
**(bak við pósthúsið)**

# TAPAÐ - FUNDIÐ

**Heklaður vettlingur,**
grænn og svartur, fannst við Engjaveg í síðustu viku. Eigandi getur vitjað hans í afgreiðslu Prentmets Suðurlands, Eyravegi 25.

**Lyklakippa**
með bíllykli, nokkrum húslyklum og 2 minni lyklum fannst við umferðarljósin á Tryggvagötu sl. mánudag. Eigandi getur vitjað kippunnar í afgreiðslu Prentmets Suðurlands, Eyravegi 25.

# KIRKJUR

**HRUNAPRESTAKALL**
**Hrunakirkja**
Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11. Kveikt á aðventukransi, nemendur úr 5. bekk Flúðaskóla sýna helgileik, barnakór Flúðaskóla syngur ásamt kirkjukórnum, fermingarbörn flytja aðventusögu. Allir velkomnir! Sóknarprestur
**Félagsheimilið í Árnesi**
Aðventukvöld sunnudaginn 7. des. kl. 20. Börn úr Þjórsárskóla sýna helgileik, kirkjukórinn syngur aðventu- og jólalög, fermingarbörn flytja aðventusögu, kveikt á aðventukransi, sóknarprestur flytur hugleiðingu. Kaffi og piparkökur á eftir. Allir velkomnir!

**Selfosskirkja**
*7. des. 2014, 2. sunnudagur í aðventu:*
Messa og barnastarf kl. 11. Unglingakórinn syngur Lúsíusöngva undir stjórn Edit Molnár. Kirkjukórinn syngur. Organisti Jörg Sondermann . Prestur Þorvaldur Karl Helgason.
Árlegir aðventutónleikar kl. 16, haldnir í 37. sinn. Sjö kórar koma fram, og tvær hljómsveitir: Kirkjukór Selfosskirkju, Barna- og unglingakórar kirkjunnar, Hörpukórinn, Karlakór Selfoss, Jórukórinn, Fjölbrautarskólakórinn og Lúðrasveit Selfoss og Strengjasveit Tónlistarskólans. Aðgangseyrir kr. 2000, rennur að þessu sinni í Tónlistar- og menningarsjóð Selfosskirkju.

**Skálholtsdómkirkja.**
Barnasamkoma laugardag 6. desember kl. 11.00 í umsjá Bergþóru Ragnarsdóttur, djáknanema og Jóns Bjarnasonar, organista.
Messa sunnudag 7. desember kl. 11.00. Prestur sr. Egill Hallgrímsson. Organisti Jón Bjarnason.

**Lagnaþjónustan ehf**
**Pípulagnir - Efnissala**
**482 2311** Skrifstofa **696 2311** Þjónustusími



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2272
Fimmtudagur 4. desember 2014

FROSTmark ehf
www.frostmark.is
Kælikerfi - Frystikerfi
Hönnun - Sala - Þjónusta
Gagnheiði 69 • 482 3595 • 544 5858

SELÓS
GLUGGAR • HURÐIR • INNRÉTTINGAR
STOFNAÐ 1973
Gagnheiði 72 • 800 Selfoss
Sími 482 4100 • www.selos.is

# Nemendur í textíl sýndu föt í Nytjamarkaðnum



*Nemendur í fatahönnun við textíldeild Fjölbrautaskóla Suðurlands sem sýndu afurðir sínar í Nytjamarkaðnum. Ljósmynd: ÖG.*

Á fimmtudaginn í síðustu viku sýndu nemendur í fatahönnun við textíldeild Fjölbrautaskóla Suðurlands fatnað sem þeir höfðu hannað á önninni í Nytjamarkaðnum við Eyraveg á Selfossi.

Helga Jóhannesdóttir, kennari í fatahönnun, sagði að hluti af náminu væri að koma afurðinni eða uppskerunni á framfæri. „Við byrjum áfangann yfirleitt á því að ákveða hvar og hvernig við ætlum að sýna. Stundum höfum við verið uppi á sviði t.d. á kvöldvökum hjá nemendafélaginu, stundum höfum við verið með tískusýningu sér eða niðri í sal í skólanum.“ Helga sagði að þetta væri í þriðja skipti sem nemendur væru með sýningu í búð úti í bæ, eins og hún orðaði það.

Helga sagði að hluti af náminu væri að byrja á því að segja: „Jæja, hvað ætlum við að búa til? Hvar ætlum við að sýna það? Og hvernig ætlum við að sýna það?“ Hún sagði að stundum væri bara stillt upp í sýningarskáp eins og t.d. fyrir útskriftarveisluna. Mjög oft segja krakkarnir „Ég þori ekki að sýna, ég er feimin“, en þá finna þau sér bara módel til að sýna afurðina. Krakkarnir eiga að hanna og sauma minnst eina flík á sig sjálf, en það er hluti af náminu. „Þetta er grunnáfangi í fatahönnun sem þýðir að við erum með hönnun þ.e.a.s. hugmyndavinnu, sniðteikningu, textílfræði, litafræði og saumtækni. Þannig að þetta eru fimm þættir. Sýningin hér í Nytjamarkaðnum er svo uppskeran. Og hún er bara einföld,“ sagði Helga.

Fyrir ári hringdi Rhiannon Mary Helgason, sem þá sá umNytjamarkaðinn, í Helgu og sagði að sig langaði til að fá fleira fólk inn í Nytjamarkaðinn. Hún vissi að fatahönnun var kennd í FSu og fékk þessa hugmynd þ.e. að láta krakkana vinna saman með Nytjamarkaðnum. Krakkarnir komu svo í markaðinn og keyptu sér ódýr föt. Einn strákurinn keypti t.d. þrjá eða fjóra jakka og klippti í sundur og saumaði saman tvo hálfa jakka sem voru gráir öðrum megin og bláir hinum megin. Helga sagði að hann vær virkilega flottur og að eigandinn væri búinn að nota hann heilmikið. Nokkrar af flíkunum sem krakkarnir sýndu í Nytjamarkaðnum voru unnar þannig, þ.e. að eldri föt voru klippt í sundur og þeim breytt í nýjar flíkur. Helga sagði að í Nytjamarkaðnum væri fullt af ódýrum efnivið sem væri hægt að nota í fatahönnun. „Þó þetta séu stundum slitin efni þá má t.d. nota bakið svo dæmi sé tekið.“

- ög

...í réttum gæðum
Gluggar Útihurðir Sérsmíði
GK GLUGGAR
Norður-Nýjabæ | 851 Hellu | 566 6787
www.gkgluggar.is | gkgluggar@gkgluggar.is

Raf- og Kæli-þjónustan ehf.
Sími 690 2970
• Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum • Ísskápaviðgerðir
• Almennar raflagnir

Josera.
super premium gæludýrafóður
Fæst hjá BYKO Selfossi

FRÓN
heitasti tónlistar- & næturklúbbur á Íslandi
Fim. Huggulegt jólakvöld á FRÓN. Jólatónlist og mikið úrval af jólabjór! Jólakokteilar og jólaskot á tilboði!
Fös. DJ André spilar black friday og allir svartir drykkir á betra verði! Föstudaxsfíðringur í hámarki!
Lau. Snillingurinn Eyþór Jóns spilar gamalt og gott í bland við nýjasta nýtt! Frítt inn ALLA HELGINA ... en ekki hvað!
Boltinn í beinni
fron@fronclub.is / Eyravegi 35 / 800 selfoss

Hjólbarðaþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

HREINGERNINGA-þjónusta Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steinteppahreinsun, teppahreinsun, bón, gluggahreinsun o.fl.
Símar 483 3827 og 897 8444
Hreint um allt Suðurland

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
TOYOTA
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

LJÓSMYNDASTOFA SUÐURLANDS
PASSA MYNDIR
Eyravegur 38
sími: 4821766
FILMVERK

TAXI SELFOSSI
SÍMI 482 3800
Opið allan sólarhringinn um helgar

COUNTRY TAXI
776-0810
Leigubíll
Flúðir • Reykholt • Árnes • Geysir
Úthlíð • Borg • Brautarholt
HALLDÓR
SÍMI: 776 0810 OG 783 1224

TækniSmiðjan
Sími 857 6715
gse@tsmidjan.is - www.tsmidjan.is
■ Stálhönnun
■ Véltæknihönnun
■ Þrívíddarteikning
■ Útboðsgögn
■ Eftirlit

FYLGD
Útfararþjónusta
Gísli Gunnar Guðmundsson · Elfar Freyr Sigurjónsson · Svanhildur Eiríksdóttir
Vistvænar íslenskar kistur
Þjónusta allan sólarhringinn
Sími 482 4300
Netfang: fylgd@fylgd.is - Vefsíða: fylgd.is

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

BÓNFEÐGAR
Gagnheiði 51 - Selfossi
Símar 482 2327 - 848 2327
- Sækjum og skilum -

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

ÖKUSKÓLI SUÐURLANDS
Vinnuvélanámskeið
Meiraprófsnámskeið
Eyravegi 55, Selfossi - Þráinn, sími 892 9594 - www.okuskoli.is